



Áhrif uppistöðulóns og virkjunar við Hagavatn á ferðamennumsku og útivist

Dr. Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir

© Ferðamálastetur Íslands, mars 2008

Útgefandi: Ferðamálastetur Íslands, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460-8930 Fax: (+354) 460-8919
Rafpóstur: edward@unak.is
Veffang: www.fmsi.is

Titill: Áhrif uppistöðulóns og virkjunar við Hagavatn á ferðamennsku og útivist.

Höfundur: Dr. Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Ferðamálastetur Íslands

Prentun: Stell (www.stell.is)

Númer: FMSÍ-S-02-2008

ISBN: 978-9979-834-63-2

Forsíðumynd er af Nýjafoss, op fyrir farveg Farsins úr Hagavatni og hugsanleg staðsetning yfirlalls og stíflu, © vgkHönnun.

Skýrslan er prentuð á 100gr. Clairfontane pappír.

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Áhrif uppitöðulóns og virkjunar við Hagavatn á ferðamennsku og útivist

FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS
MARS 2008

FORMÁLI

Orkuveita Reykjavíkur kannar nú hagkvæmni þess að reisa virkjun við Hagavatn til að anna aukinni eftirspurn á almennum raforkumarkaði. Hagavatn liggur við suðurjaðar Langjökuls og tiltölulega stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Svæðið umhverfis Hagavatn hefur um langt árabil verið vinsælt meðal ferðamanna, sérstaklega gönguferðamanna, en vinsælar gönguleiðir liggja um svæðið bæði frá Kili og svæðinu sunnan Langjökuls. Landslagið þykir margbrotið og aðgengi að jöklum gott. Innviðir eru fábrotnar og víðernisásýnd einkennir svæðið. Virkjun mun hafa í för með sér breytingar á ásýnd lands sem og breytingar á upplifun þeirra ferðamanna sem sækja svæðið heim, og þannig mögulega breyta ferðamennsku á svæðinu.

Markmið þessarar rannsóknar er að meta möguleg áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar Hagavatnsvirkjunar á ferðamennsku og útvist á svæðinu umhverfis Hagavatn. Könnuð voru hvort tveggja viðhorf þeirra ferðaþjónustuaðila sem nýta svæðið og jafnframt þeirra ferðaþjónustuaðila sem næstir því búa. Viðhorf viðmælenda endurspeglar að einhverju leyti núverandi starfsemi þeirra á Hagavatnssvæðinu sem og væntingar þeirra til aukinnar uppbyggingar ferðaþjónustu. Framtíðargildismat viðmælenda ræðst jafnframt af mismunandi viðhorfum þeirra og væntingum.

Rannsóknin er unnin af Ferðamálastri Íslands fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að beiðni VGK-Hönnunar. Viðtöl og úrvinnsla viðtala voru unnin af Kristínu Rut Kristjánsdóttur ferðamálafræðingi. Gerð skýrslu og umsjón verkefnis var í höndum Rannveigar Ólafsdóttur sérfræðings hjá Ferðamálastri Íslands. Öllum viðmælendum er þökkuð þátttaka þeirra í verkefninu. Það er jafnframt von skýrsluhöfunda að niðurstöður varpi ljósi á gildi svæðisins fyrir ferðamennsku í nánustu framtíð.

Reykjavík, í byrjun einmánaðar 2008

Rannveig Ólafsdóttir

	Bls
FORMÁLI	ii
EFNISYFIRLIT	iii
LISTI YFIR MYNDIR.....	iv
LISTI YFIR TÖFLUR	iv
1 INNGANGUR	1
2 FERÐAMENNSKA Í UPPSVEITUM ÁNESSÝSLU.....	4
2.1 PRÓUN FERÐAÐJÓNUSTU Í UPPSVEITUM ÁNESSÝSLU	4
2.2 SÉRSTAÐA SVÆÐISINS OG STAÐA INNAN AFÐREYINGARRÓFSINS.....	4
3 GÖGN OG AÐFERÐIR	7
4 FERÐAMENNSKA OG ÚTIVIST VIÐ HAGAVATN.....	11
4.1 NÚVERANDI NÝTING SVÆÐISINS FYRIR FERÐAÐJÓNUSTU OG ÚTIVIST	11
4.2 AÐDRÁTTARAFL SVÆÐISINS	13
4.3 FRAMTÍÐARSÝN OG VÆNTINGAR FERÐAÐJÓNUSTUNNAR TIL SVÆÐISINS	16
5 VIÐHORF TIL FYRIRHUGAÐRAR FRAMKVÆMDAR.....	19
5.1 VIÐHORF FERÐAÐJÓNUSTUAÐILA TIL HAGAVATNSVIRKJUNAR	19
5.2 ÁÐUR BIRTAR ATHUGASEMDIR VIÐMÆLENDAA	25
6 NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR.....	28
6.1 GILDI SVÆÐISINS UMHVERFIS HAGAVATN FYRIR FERÐAMENNSKU	28
6.2 HAGAVATNSVIRKJUN – ÁVINNINGUR OG TAP AÐ MATI VIÐMÆLENDAA	29
6.3 FRAMTÍÐARGILDISMAT	30
HEIMILDIR	32
VIDAUKI I	34
LEGA FYRIRHUGAÐS UPPISTÖÐULÓNS VEGNA HAGAVATNSVIRKJUNAR – YFIRLITSMYND VEGNA RANNSÓKNALEYFIS. © VGK-HÖNNUN.....	34
VIÐAUKI II	36
VIÐTALSRAMMI	36
VIÐAUKI III.....	38
NÚVERANDI AÐDRÁTTARAFL OG GILDI SVÆÐISINS AÐ MATI VIÐMÆLENDAA	38
VIÐAUKI IV	42
FRAMTÍÐARSÝN OG VÆNTINGAR VIÐMÆLENDAA TIL SVÆÐISINS	42

LISTI YFIR MYNDIR	Bls
Mynd 1: Nýifoss og útrennsli Farsins úr Hagavatni (ljósm. VGK-Hönnun).....	2
Mynd 2: Línuvegur (F338) sem liggur frá Kjalvegi í austri um Haukadalsheiði, Lambahraun og að Kaldadalsvegi í vestri (ljósm. VGK-Hönnun)	5
Mynd 3: Áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar á ferðamennsku	8
Mynd 4: Staðir sem hafa aðdráttarafl og gildi fyrir ferðapjónustu og útivist.	14
Mynd 5: Vegir og gönguleiðir sem hafa aðdráttarafl og gildi fyrir ferðapjónustu og útivist.....	15
Mynd 6: Staðir sem viðmælendur telja að munu fá aukið gildi í framtíðinni.....	17
Mynd 7: Gönguleiðir og vegir sem viðmælendur telja að munu fá aukið gildi í framtíðinni.....	17
Mynd 8: Viðhorf viðmælenda til framkvæmdar	19
Mynd 9: a) Til vinstri: Viðhorf heimamanna til framkvæmdar. b) Til hægri: Viðhorf þeirra sem ekki eru búsettir á svæðinu til framkvæmdar.....	20
LISTI YFIR TÖFLUR	Bls
Tafla 1: Flokkar afþreyingarrófsins.	6
Tafla 2: Viðmælendur könnunarinnar í stafrófsröð.	9
Tafla 3: Meginstarfsemi viðmælenda sem búsettir eru á rannsóknarsvæðinu.....	10
Tafla 4: Meginstarfsemi viðmælenda sem hafa höfuðaðsetur utan rannsóknasvæðis.	10
Tafla 5: Viðhorf viðmælenda til framkvæmdar.....	22

1 INNGANGUR

Hálendi Íslands eru af mörgum talin vera ein meginauðlind íslenskrar ferðaþjónustu. Hagavatn er ein af náttúruperlum hálendisins. Hagavatn og umhverfi þess hefur um langt árabil verið vinsæll ferðamannastaður meðal göngu- og útivistarfólks. Ferðafélag Íslands byggði skála við Hagavatn þegar árið 1942, og hefur síðan þá verið með reglulegar ferðir á svæðið. Svæðið er í dag nýtt til ferðamennsku af ýmsum ferðaþjónustuaðilum, félagasamtökum og einstaklingum. Vinsældir svæðisins felast hvort tveggja í stuttri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, en það er einungis í um 150 km fjarlægð frá Reykjavík, sem og í sérstöku og stórbrotnu umhverfi sem einkennist af mjög virkri landmótun.

Hagavatn liggur við suðurjaðar Langjökuls, í hvilft undir Eystri Hagafellsjökli á milli Hagafells í vestri og Jarlhettna í austri. Saga Hagavatns þykir merkilega margslungin, þrátt fyrir að vatnið sé jarðsögulega mjög ungt. Þegar jökullinn náði hámarki á 19. öld fyllti hann alveg hvilftina sem Hagavatn liggur í. Vegna hlýnandi loftlags upp úr aldamótunum 1900 byrja jöklar landsins að hopa og laust fyrir 1960 hörfar Hagafellsjökull alveg upp úr Hagavatnshvilstinni og hefur haldið áfram að hopa síðan. Vegna hopunar Hagafellsjökuls og endurtekenna hlaupa úr Hagavatni á síðustu öld hefur vatnið flust til. Árið 1980 hljóp svo Langjökull fram í Hagavatn og við það dýpkaði botn afrennslis þess, Farsins, tölувert svo að yfirborð Hagavatns lækkaði um allt að 5 m og vatnið minnkaði umtalsvert (Gutormur Sigbjarnarson, 1967; Theódór Theódórsson, 1980). Þannig hafa náttúrlegar breytingar verið miklar og örar við Hagavatn og eiga sér enn stað. Hugmyndir um inngríp mannsins inn í þessa sögu landbreytinga hafa verið uppi í töluberðan tíma. Forathugun á virkjun Hagavatns var gerð þegar árið 1985 (Þorbergur Þorbergsson og Hörður Svavarsson 1985). Rúmum áratug síðar var gert frummat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Hagavatns með það að markmiði að minnka sandfok af svæðinu (Landgræðsla ríkisins, 1996). Skipulagsstjóri féllst á framkvæmdina með skilyrðum en ári síðar var sá úrskurður felldur úr gildi. Í úrskurði skipulagsstjóra kemur meðal annars fram að í frummatsskýrsluna vanti alla umfjöllun um samspil framkvæmdarinnar og ferðamennsku (Skipulagsstofnun, 1996). Orkuveita Reykjavíkur athugar nú möguleika þess að reisa virkjun við Hagavatn til að anna aukinni eftirspurn á

almennum raforkumarkaði, og fékk á síðasta ári rannsóknarleyfi til að kanna hagkvæmni þess. Um er að ræða um 30 MW vatnsaflvirkjun sem að öllum líkindum yrði tengd flutningsneti Landsnets með 66 kW jarðstreng um 5 km leið að núverandi Sultartangalínu 1. Virkjanaframkvæmdirnar fela meðal annars í sér að Hagavatn yrði gert að miðlunarlóni virkjunarinnar með því að stífla afrennsli vatnsins, Farið, ofan við Nýjafoss (mynd 1) og sömuleiðis yrði byggð lægri stífla við gamla afrennslið ofan við Leynifoss (sjá viðauka I).



Mynd 1: Nýifoss og útrennsli Farsins úr Hagavatni (ljósm. VGK-Hönnun).

Markmið þessarar rannsóknar er að meta möguleg áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar Hagavatnsvirkjunar á ferðamennsku og útivist á svæðinu umhverfis Hagavatn. Helstu hagsmunaaðilar ferðaþjónustu og útivistar á svæðinu sunnan Langjökuls eru annars vegar staðbundnir ferðaþjónustuaðilar sem reka ferðaþjónustu nyrst í uppsveitum Árnessýslu og hins vegar ferðaþjónustufyrirtæki ásamt ferðafélögum sem standa fyrir ferðum um svæðið en eru með höfuðstöðvar starfsemi sinnar annars staðar. Könnuð voru hvort tveggja viðhorf þeirra ferðaþjónustuaðila sem nýta svæðið og jafnframt þeirra ferðaþjónustuaðila sem næstir því búa. Viðtöl voru tekin við alls fimmtán

ferðaþjónustuaðila, átta ferðaþjónustuaðila í héraði og sjö sem eru með höfuðstöðvar sínar utan svæðisins. Í viðtolunum var lögð áhersla á eftirfarandi fjögur þemu:

1. Núverandi nýting svæðisins og mikilvægi fyrir ferðaþjónustu og útvist
2. Aðráttarafl svæðisins
3. Framtíðarsýn og væntingar ferðaþjónustunnar til svæðisins
4. Viðhorf ferðaþjónustuaðila til fyrirhugaðrar framkvæmdar

Í upphafi eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir stöðu og þróun ferðamennsku og ferðaþjónustu í uppsveitum Árnessýslu ásamt sérstöðu svæðisins umhverfis Hagavatn. Því næst er þeirri aðferðafræði sem rannsóknin byggir á lýst. Meginhluti skýrslunnar byggir síðan á niðurstöðum viðhorfskönunar sem skipt er upp samkvæmt ofangreindri þemaskiptingu. Að lokum eru dregnar ályktanir af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Viðtol og úrvinnsla viðtala voru unnin af Kristínu Rut Kristjánsdóttur ferðamálafræðingi. Gerð skýrslu og umsjón verkefnis var í höndum Rannveigar Ólafsdóttur sérfræðings hjá Ferðamálastri Íslands og dósents við Háskóla Íslands. Rannsóknin er unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að beiðni VGK-Hönnunar.

2 FERÐAMENNSKA Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

2.1 ÞRÓUN FERÐAÐJÓNUSTU Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

Í uppsveitum Árnessýslu eru náttúruperlur á borð við Gullfoss og Geysi sem eru meðal vinsælustu ferðamannastaða landsins. Vinsældir þessara staða eiga sinn þátt í að móta ferðaþjónustu í uppsveitunum, sem er meiri og öflugri en víðast hvar annars staðar á landinu. Stutt fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Keflavíkurflugvelli hefur auk þess ýtt undir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Gistinætur á Suðurlandi árið 2006 voru alls 440.781, eða tæp 20% af heildarginnóttum landsins (Hagstofa Íslands, 2007). Samkvæmt Rögnvaldi Guðmundssyni (2003) nýta Íslendingar yfir 90% af gistenntum í uppsveitum Árnessýslu en erlendir ferðamenn innan við 10%. Rögnvaldur bendir hins vegar á að erlendir ferðamenn nýta yfirleitt dýrari gistingar en Íslendingar og skilja þannig eftir meiri tekjur á svæðinu. Síðastliðin ár hefur aukning umsvifa ferðaþjónustunnar í uppsveitum Árnessýslu einkum verið í mikilli aukningu sumarhúsa á svæðinu. Frá árinu 1997 til 2003 fjölgaði sumarhúsum í uppsveitunum um tæp 20% (Rögnvaldur Guðmundsson, 2003). Frá 2004 til 2007 hafa verið samþykkt alls 1246 byggingarleyfi fyrir ný sumarhús á svæðinu (Pétur Ingi Haraldsson Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu, munnl. uppl. 20.02.08) sem gerir 23% aukningu sumarhúsa á tímabilinu. Í samræmi við vaxandi uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu eykst þörf fyrir þjónustu og afþreyingu. Mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnuvegs á svæðinu vex því jafnt og þétt.

2.2 SÉRSTAÐA SVÆÐISINS OG STAÐA INNAN AFÞREYINGARRÓFSINS

Uppsveitir Árnessýslu liggja í jaðri hálandisins, sem skapar sérstöðu fyrir svæðið hvað varðar ferðamennsku. Frá Gullfossi liggur hálandisvegur áfram um Kjöl og norður á land. Vinsældir Kjalvegar fara stöðugt vaxandi, enda einn af fáum hálandisvegum sem er fólksbílafær. Á Kili eru jafnframt vinsælir ferðamannastaðir á borð við Hvítárnes, Kerlingafjöll og Hveravelli. Þá hefur verið lagður vegur og byggð upp aðstaða fyrir ferðamenn á Skálpanesi þaðan sem vinsælt er að keyra inn á Langjökul. Út frá samgöngusjónarmiðum milli suður- og norðurlands hafa enn fremur verið uppi umræður um að byggja upp heilsársveg yfir Kjöl. Ferðamálaráð hefur lagst alfarið gegn hugmyndum um lagningu uppbyggðs heilsársvegar yfir Kjöl og telur að

þess í stað eigi að skoða til hlítar mögulegan ferðamannaveg eins og fram kemur í skipulagi miðhálendisins (samgönguráðuneytið, 2007). Tvær vegaslöðir liggja að Hagavatni. Aðalleiðin, Hagavatnsvegur (F335), liggur af Kjalvegi rétt norðan við Sandá. Slóðin er nokkuð gróf en þokkalega fær fólksbílum ef varlega er farið. Sunnan Sandvatns liggur línuvegur (F338) meðfram Sultartangalínum (mynd 2) um Haukadalsheiði, Lambahraun og Skjaldbreiðarhraun að veginum sem liggur um Kaldadal. Frá línuveginum liggur slóð að Hagavatni. Slóðin er ógreinileg á köflum og ekki fær nema vel útbúnum bílum.



Mynd 2: Línuvegur (F338) sem liggur frá Kjalvegi í austri um Haukadalsheiði, Lambahraun og að Kaldadalsvegi í vestri (ljósm. VGK-Hönnun)

Víða erlendis er stuðst við svokallað afþreyingarróf (e. *recreational opportunity spectrum*) við stefnumótun og skipulagningu ferðamennsku. Í því er lögð áhersla á að skoða hvert svæði sem hluta af stærri heild og gera ráð fyrir mismikilli uppbyggingu eftir því hvers konar ferðamennska hentar náttúrlegu umhverfi hvers svæðis og eftir þeirri upplifun sem skipulagsyfirvöld telja að eigi að bjóða ferðamönnum (t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2006; McCool, ofl., 2007). Lögð er áhersla á að ferðamenn eru mismunandi og sækjast eftir fjölbreytilegum upplifunum sem fást uppfylltar í mismunandi umhverfi. Afþreyingarrófið er á þann hátt byggt upp á ákveðnum

flokkum útivistarsvæða eftir því hversu náttúrlegt eða manngert umhverfi hvers svæðis er (tafla 1). Manngerðustu svæðin eru skipulögð útivistarsvæði í borgum en þau sem mannhöndin hefur hvergi komið nærrí eru víðerni. Hvert svæði raðast þannig í ákveðinn flokk innan afþreyingarrófsins eftir því hversu mikil uppbygging er á svæðinu. Eftir því sem uppbygging innviða eykst færast svæði um flokka innan rófsins og markhópar breytast að sama skapi. Á Hagavatnssvæðinu eru innviðir enn fáir og fábrotninger og myndi svæðið í dag flokkast sem lítt snortið á skala afþreyingarrófsins.

Tafla 1: Flokkar afþreyingarrófsins (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2007).

<i>Flokkun</i>	<i>Víðerni</i>	<i>Lítt snortið</i>	<i>Lítt snortið</i>	<i>Náttúrulegt</i>	<i>Dreifbýli</i>
		<i>Engin vélknúin umferð</i>	<i>Vélknúin umferð leyfð</i>		
<i>Lýsing á landslagi</i>	Stórt ósnortið svæði.	Meðalstórt svæði, að mestu ósnortið.	Meðalstórt svæði, að mestu ósnortið.	Náttúrulegt umhverfi.	Náttúrulegu umhverfi breytt.
	Eingöngu mannvirkni nauðsynleg vegna náttúruverndar.	Aðstaða fyrir náttúruverndarstarfsemi og öryggi vegfarenda.	Aðstaða fyrir náttúruverndarstarfsemi og öryggi vegfarenda.	Nýting náttúruauðlinda í samræmi við umhverfið.	Nýting náttúruauðlinda auðsjanleg.
	Engin þjónusta við almenning.			Lágmarks aðstaða fyrir vegfarendur.	Aðstaða og þjónusta á völdum svæðum fyrir mikinn fjölda notenda.
<i>Stjórnun landsvæðis</i>	Umferð vélknúinna ökutækja bönnuð.	Umferð vélknúinna ökutækja er að öllu jöfnu ekki leyfð. Boð og bönn til staðar en eru lítillsháttar.	Umferð vélknúinna ökutækja leyfð.	Eftirlit á svæði veitir fólk öryggistilfinningu.	Mikil umferð vélknúinna ökutækja.
<i>Mannvist</i>	Fáir gestir.				Margir gestir.


3 GÖGN OG AÐFERÐIR

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í byrjun október 2007 með gerð viðtalsramma sem tók til áðurgreindra fjögurra þema (viðauki II). Ákveðið var að styðjast við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Slíkar aðferðir byggja á hugmyndum þar sem áhersla er lögð á að einstaklingurinn sé virkur túlkandi veruleikans og á þann hátt er reynt að leggja áherslu á merkingu, upplifun og viðhorf þátttakenda. Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. *purposive strategy*). Með því er átt við að þátttakendur eru valdir eftir tilteknum hagsmunum eða viðhorfum sem geta leitt til upplýsandi niðurstaðna rannsóknar (Esterberg, 2001). Notuð voru hálfstöðluð viðtöl (e. *semi-structured*) sem einkennast af því að ákveðin þemu eru rædd en ekki spurt staðlaðra spurninga. Á þann hátt gefst viðmælendum meira svigrúm til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri (Esterberg, 2001). Hálfstöðluð viðtöl gefa þannig færi á meiri vangaveltum og umræðum en fyrirfram hannaðar spurningar.

Áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar fyrir ferðaþjónustu og útvist er unnt að skilgreina á margan hátt eftir því hvaða forsendur eru gefnar þar sem ferðaþjónusta er af mismunandi toga og ferðamenn fara víða. Það svæði sem mögulega verður fyrir beinum sem og sjónrænum áhrifum ef af framkvæmd verður má hins vegar afmarka af Langjökli í norðri, Hlöðufelli og Langafelli í vestri, Haukadalsheiði, Sandvatni og Skálpanesi í austri og við línuveg í Lambabrauni í suðri (mynd 3). Þetta svæði, sem í þessari skýrslu verður vísað til sem Hagavatnssvæðið, ásamt öllu svæðinu sunnan Langjökuls tilheyrir uppsveitum Árnессýslu.

Vegna legu og stærðar svæðisins er úrtak viðmælenda ekki stórt. Í þessari rannsókn voru þannig valdir ferðaþjónustuaðilar sem hafa beinna hagsmuna að gæta á áhrifasvæði Hagavatnsvirkjunar. Í þeim hópi eru hvort tveggja heimamenn sem reka ferðaþjónustu á svæðinu og ferðaþjónustuaðilar sem koma með ferðamenn inn á svæðið en hafa höfuðstöðvar sínar annars staðar. Upplýsingar um starfandi ferðaþjónustuaðila innan áhrifasvæðisins fengust meðal annars úr ferðamannabæklingi sem gefinn er út af hreppunum í uppsveitum Árnессýslu (Uppsveitir Árnессýslu, 2007) og hjá Ásborgu Arnþórsdóttur, ferðamálafulltrúa uppsveita Árnессýslu. Á meðan á vettvangsvinnu stóð fengust frekari upplýsingar um

viðmælendur í héraði. Haft var samband við alla tiltæka ferðaþjónustuaðila og ferðafélög sem hafa starfsemi innan áhrifasvæðisins auk alla ferðaþjónustuaðila nyrst í uppsveitunum, sem reyndust vera all fimmtán (tafla 2).



Mynd 3: Áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar á ferðamennsku
(Grunnmynd fengin frá Google Earth 06.03.08)

Viðtöl voru boðuð í gegnum síma og tölvupóst í byrjun október. Viðtölin voru síðan tekin dagana 16. – 24. október. Flest viðtölin voru tekin á vettvangi, það er á heimili viðmælenda eða í móttöku fyrirtækisins, sem oftar en ekki var sami staðurinn. Fimm viðtöl voru tekin í höfuðstöðvum fyrirtækja og félaga í Reykjavík og Hafnarfirði. Að auki voru tveir aðilar sem svöruðu viðtalsramma í gegnum tölvupóst. Í öllum viðtolunum var stuðst við tvö kort, annars vegar kort sem sýnir hugsanlegar breytingar við Hagavatn ef til virkjunar kemur (viðauki I), hins vegar ljósrit af landakorti af Hagavatni og umhverfi þess í mælikvarðanum 1:300.000, sem nær suður fyrir Laugavatn og norður fyrir Kerlingafjöll. Tilgangur kortanna var að tryggja að viðmælendur hefðu skýrar hugmyndir yfir mögulegt áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og jafnframt að láta þá merkja inn á kort hvar þeirra starfsemi fer fram

og þannig fá betri mynd af umsvifum ferðamennsku og gildi svæðisins fyrir ferðaþjónustu.

Tafla 2: Viðmælendur könnunarinnar í stafrófsröð.

Ferðaþjónusta-/félag	Viðmælandi	Heimasíða
Afþreyingafélagið	Ólöf Einarsdóttir	http://www.mountaineers.is
Arctic rafting	Jón Heiðar Andrésson	http://www.arcticrafting.is
Efsti-Dalur bændagisting	Snæbjörn Sigurðsson	http://www.efstidal.is
Ferðafélag Íslands	Páll Guðmundsson	http://www.fi.is
Ferðaklúbburinn 4x4	Jón G. Snæland	http://www.f4x4.is
Geysir Center	Mábil Gróa Másdóttir	http://www.geysircenter.is
Gullfosskaffi	Svavar Njarðarson	http://www.gullfoss.is
Hótel Gullfoss	Jón Harry Njarðarson	http://www.hotelgullfoss.is
Ís ferðaþjónusta ehf	Arngrímur Hermannsson	http://www.adventure.is/
Kjarnholt*	Einar Gíslason	
Kjóastaðir (ATV Tours)	Aðalheiður Jacobsen	http://www.atvtours.is
Miðdalur	Bjarni Daniel Danielsson	
Íshestar	Einar G. Bollason	http://www.ishestar.is
Úthlíð	Helga Skúladóttir og Björn Sigurðsson	http://www.uthlid.is
Útivist	Skúli H. Skúlason	http://www.utivist.is

* Ferðaþjónustu nýlega hætt

Ferðaþjónustuaðilar sem búsettir eru á rannsóknarsvæðinu starfa flestir við gistingu og veitingarekstur auk þess að bjóða upp á ýmiss konar afþreyingu á borð við golf og hestaferðir (tafla 3). Þeir ferðaþjónustuaðilar sem nýta hvað mest svæðið í kringum Hagavatn undir sína starfsemi búa hins vegar flestir utan svæðisins (tafla 4). Þegar þessi rannsókn var unnin er ferðaþjónustan á Kjóstöðum eini staðbundni viðmælandinn sem nýtir skilgreint áhrifasvæði Hagavatnsvirkjunar beint fyrir starfsemi sína. Viðtölin voru öll tekin upp og afrituð að þeim loknum til þess að auðvelda greiningu á þeim og samanburð.

Tafla 3: Meginstarfsemi viðmælenda sem búsettir eru á rannsóknarsvæðinu.

Fyrirtæki	Starfsemi
Efsti-Dalur	Bændagisting (14 herbergi) og hestaleiga
Geysir Center	Veitingar, hótel, verslun, sundlaug og Geysisstofa
Gullfosskaffi	Veitingar, stór matsalur og verslun
Hótel Gullfoss	Hótel (16 herbergi)
Kjarnholt	var gisting, ferðaþjónusta hætt
Kjóastaðir (ATV Tours)	Fjórhljólaferðir
Miðdalur	Golfvöllur og tjaldstæði
Úthlíð	Gisting (12 bústaðir), verslun, veitingar, golfvöllur og sundlaug

Tafla 4: Meginstarfsemi viðmælenda sem hafa höfuðaðsetur utan rannsóknasvæðis.

Fyrirtæki/ferðafélag	Starfsemi
Afpreyingafélagið	Er með höfuðaðsetur í Skálpanesi við Langjökul. Fer með um 30.000 – 40.000 manns á ári í sleða- og jeppaferðir á Langjökul, auk þess að bjóða upp á aðra afpreyingamöguleika á nálægu svæði. Sækir farþega í Gullfosskaffi.
Arctic rafting	Býður upp á flúðasiglingar á Hvítá. Er með aðstöðu við Drumboddsstaði, 10 km neðan við Gullfoss.
Ferðafélag Íslands	Rekur fimm skála umhverfis Langjökul. Býður upp á fjölda dagsferða og lengri ferða m.a. með viðkomu í skálum á svæðinu sunnan jökulsins.
Ferðaklúbburinn 4x4	Ferðafélag fyrir áhugamenn um ökuferðir um Ísland. Ýmsir vegir og slóðar í kringum Langjökul eru vinsælir hjá félagsmönnum.
Ís ferðaþjónusta ehf	Býður upp á margs konar ævintýraferðir, m.a. jeppaferðir, hestaferðir og gönguferðir á og við Langjökul.
Íshestar	Eru með fjölbreyttar hestaferðir. Vinsælasta ferðin er um Kjöl.
Útvist	Býður upp á fjölbreyttar dagsferðir sem og lengri ferðir um svæðið sunnan Langjökuls.

4 FERÐAMENNSKA OG ÚTIVIST VIÐ HAGAVATN

4.1 NÚVERANDI NÝTING SVÆÐISINS FYRIR FERÐAÐJÓNUSTU OG ÚTIVIST

Til að rannsaka gildi áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar fyrir ferðamennsku voru viðmælendur fyrst beðnir um að lýsa starfsemi sinni á svæðinu, væntingum ferðamanna sem og álti þeirra á núverandi aðgengi á svæðinu.

Af heimamönnum er enginn sem hefur beina starfssemi á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar fyrir utan ferðaþjónustuna á Kjóastöðum sem er með fjórhjólaferðir á svæðinu. Allir heimamenn utan einn telja svæðið þjóna mikilvægu hlutverki sem leið að hálendinu og að Langjökli. Flestir þeirra telja svæðið jafnframt mikilvægt fyrir ferðaþjónustu uppsveitanna og bentu á að margir ferðamenn spryji um svæðið sunnan Langjökuls og hvernig unnt sé að komast þangað. Margir heimamanna telja sig þó alls ekki örugga með að vísa erlendum ferðamönnum á þetta svæði með því aðgengi sem nú er til staðar. Jón Harry Njarðarson á Hótel Gullfossi segir til dæmis núverandi aðgengi að svæðinu alls ekki nýtast öllum þeim ferðamönnum sem þangað vilja komast, samanber ferðamönnum á minni bílaleigubílum sem er stærstur hluti hans viðskiptavina. Viðmælendur sem ekki eru með höfuðstöðvar sínar í uppsveitum Árnessýslu telja allir svæðið í kringum Hagavatn mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustu sína. Ferðafélag Íslands (FÍ) og Útivist nýta svæðið mjög mikið, einkum til gönguferða og nýta þá skála FÍ við Hagavatn. Páll Guðmundsson hjá FÍ bendir á að göngufólk á eigin vegum nýti einnig töluvert leiðalýsingar FÍ um svæðið ásamt skála FÍ. Þá er skálinn enn fremur vinsæll áningastaður fyrir fólk á leið um veg F335 að Hagavatni. Jón G. Snæland hjá Ferðaklúbbnum 4x4 segir svæðið einstakt og nefnir að ekki sé að finna eins gott aðgengi að jökli á sambærilegum svæðum vestan Langjökuls. Arngrímur Hermannsson hjá ferðaþjónustunni Ís er sama sinnis en hann leggur auk þess áherslu á sérstöðu svæðisins fyrir allar gerðir ferðamennsku. Arctic Rafting, Afþreyingafélagið og Íshestar nýta svæðið ekki beint undir sína starfsemi, en viðmælendur þessara ferðaþjónustufyrirtækja voru á sammála um að svæðið þjóni ákveðnu hlutverki fyrir aðráttarafl uppsveita Árnessýslu sem heildar. Afþreyingarfélagið hefur byggt upp aðstöðu fyrir sína starfsemi í Skálpanesi sem mótar að einhverju leyti afstöðu forsvarsmana fyrirtækisins til mikilvægi svæðisins. Ólöf Einarsdóttir framkvæmdarstjóri fyrirtækisins segir félagið jafnframt hafa sett

töluvert fjármagn og mikla vinnu í að halda við vegi F336 sem liggur í Skálpanes og segir hún þau einnig hafa þurft að leggja í vegabótavinnu á Kjalvegi. Til að efla ferðaþjónustu á svæðinu telur Ólöf brýna þörf á að bæta aðgengi sem og byggja upp helstu leiðir eins og Kjalveg. Björn Sigurðsson í Úthlíð er sama sinnis varðandi aðgengi svæðisins. Hann telur að með aukinni dreifingu ferðamanna gætu mun fleiri ferðamenn nýtt svæðið sunnan Langjökuls en það gera í dag: „Þúsund manns í Úthlíð núna á góðum degi. ... Svæðið er það stórt að það gleypir þúsund manns eins og ekkert sé“. Það er þó að mati Snæbjörns Sigurðssonar í Efsta-Dal farið að örla á of miklu álagi ferðamanna á vinsælustu stöðum uppsveitanna, samanber á Geysi og Gullfossi. Hann telur að aukið aðgengi myndi verða bæði ferðaþjónustunni og náttúrunni til góða, ekki síst vegna þess að aukin dreifing ferðamanna létti á álaginu á vinsælustu stöðunum.

Varðandi upplifun og væntingar ferðamanna telja allir viðmælendur ferðamenn vera mjög ánægða með heimsókn sína í uppsveitir Árnessýslu. Megintilgangur ferðamanna með heimsókn sinni á svæðið er að álti þeirra allra að njóta íslenskrar náttúru. Flestir ferðamenn koma til að sjá Gullfoss og Geysir. Þeir sem hafa meiri tíma á svæðinu vilja almennt komast upp að jöklri eða fara yfir Kjöl. Aðrir leita í þá afþreyingu sem er að finna á svæðinu. Svavar Njarðarson í Gullfosskaffi telur megináðráttarafl svæðisins fyrst og fremst vera í náttúrunni, og að svæði eins og Gullfoss selji sig sjálft. Hann telur að ferðamenn myndu örugglega láta heyra í sér ef ekki væri verið að uppfylla væntingar þeirra „en fólk er agndofa, svæðið er það öflugt“. Ferðamenn koma hins vegar á svæðið með mismunandi væntingar eftir því á hvernig ferðalagi hver og einn er á, og því er erfitt að meta hvort væntingum þeirra allra sé mætt. Viðmælendur álíta samt sem áður allir að almennt fari ferðamenn af svæðinu með jákvæða upplifun. Ef uppfylla eigi væntingar stærri og fjölbreyttari hópa telur Björn Sigurðsson í Úthlíð ljóst að auka þurfi aðgengi að Hagavatnssvæðinu, með núverandi aðgengi telur hann að svæðið sé fyrst og fremst aðgengilegt fyrir gönguferðamenn. Hann segir fólk hafa væntingar til að komast á svæðið en komist ekki vegna lélegs aðgengis. Undir þetta tekur Snæbjörn Sigurðsson í Efsta-Dal, en þrátt fyrir að flestir hans gestir haldi sig við láglendið telur hann mikilvægt að Hagavatnssvæðið sé einnig aðgengilegt þeim gestum hans sem vilja upplifa hálandið. Eins og staðan er í dag segir hann vera vissa hræðslu við að senda ferðamenn inn á afréttina. Bjarni Daníel Daníelsson í Miðdal telur Hagavatnssvæðið vera eitt besta útvistarsvæði landsins, og


segir að það sé þegar mjög vinsælt sérstaklega á veturna þegar aðgengi að svæðinu er auðveldara.

4.2 AÐDRÁTTARAFL SVÆÐISINS


Viðmælendur voru beðnir um að lýsa aðdráttarafl og gildi uppsveitanna sem og Hagavatnssvæðisins fyrir ferðamennsku (viðauki III). Flestir viðmælendur sögðu Gullfoss og/eða Geysi vera megin ástæðu fyrir vinsældum svæðisins. Um þriðjungur viðmælenda nefndu þar að auki stutta fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Meiri-hluti viðmælenda telur jafnframt Hagavatnssvæðið, Skálpanes og Kjalveg vera staði sem auka aðdráttarafl svæðisins sem heildar, sérstaklega vegna aðkomu að Langjökli og að hálendinu. Hvað varðar Hagavatnssvæðið sérstaklega bentu nokkrir á að þar sé góð aðstaða til að upplifa hálendisstemningu og jökulinn. Nokkrir töldu skýrar landslagsbreytingar við Hagavatn vera helsta aðdráttarafl ferðamanna á svæðið. Páll Guðmundsson hjá FÍ segir svæðið bjóða upp á óbyggðaþögn í bland við brak í jöklignum, hrikalega sanda, spennandi ár, vöð og vötn og falleg fjöll að ganga á. Þetta allt sé auk þess bundið örum breytingum í náttúrunni þar sem litlir lækir verða að stórum fljótum á örstundu.

Til að geta betur varpað ljósi á sérstöðu áhrifasvæðis Hagavatnsvirkjunar voru viðmælendur beðnir um að nefna þá staði og þær leiðir (gönguleiðir og vegi) sem þeir telja mikilvæga sem aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu og útvist á svæðinu. Viðmælendur nefndu alls 24 staði sem þeir telja að hafi aðdráttarafl og gildi fyrir ferðaþjónustu á svæðinu umhverfis Hagavatn (mynd 4), og alls 13 gönguleiðir og vegi (mynd 5). Ferðaþjónustuaðilar sem ekki eru búsettir á svæðinu en nýta það fyrir sína starfsemi nefndu ívið fleiri staði en heimamenn, enda nýta þeir svæðið meira eins og fram hefur komið. Mikilvægi svæðisins til gönguferða er einnig fyrst og fremst hjá þeim sem ekki búa á svæðinu. Páll Guðmundsson hjá FÍ og Skúli H. Skúlason hjá Útvist sögðu að gönguleiðir væru misvinsælar á milli ára án þess að haldbærar skýringar væru á því. Skúli nefndi að til dæmis hafi Kóngsvegurinn, en hluti hans liggar um Hagavatnssvæðið, notið mikilla vinsælda er leiðin var sett upp sem raðganga hjá félaginu síðastliðið ár, og í bígerð sé að taka hana upp aftur. Bæði Páll og Skúli telja sérkenni svæðisins sunnan Langjökuls vera það fjölbreytt að þótt einhver leið njóti minni vinsælda um ákveðinn tíma að þá geti ný gönguleið á sama

svæði verið fljót að bæta við gildi svæðisins. Jón G. Snæland hjá Ferðaklúbbnum 4x4 telur aðráttarafl svæðisins ekki síst liggja í legu þess með tilliti til fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu, sem auki ótvírætt gildi svæðisins fyrir ferðamennsku. Það taki þannig tiltölulega stuttan tíma fyrir þorra fólks að komast í snertingu við skriðjökla og jökkullón, auk þess sem unnt er að komast þangað á fólkssbíl. Hann segir aðgengi ekki vera að sambærilegum svæðum vestan og austan Langjökuls.



Mynd 4: Staðir sem hafa aðráttarafl og gildi fyrir ferðaþjónustu og útivist.




Mynd 5: Vegir og gönguleiðir sem hafa aðdráttarafl og gildi fyrir ferðapjónustu og útvist.

Páll Guðmundsson hjá FÍ segir fólk stöðugt leita eftir nýjum svæðum. Hann nefnir að ferðir á Kjöl hafi verið í lægð í tvö til þrjú ár en eru nú að verða aftur vinsælar. Hann segir skálann við Hagavatn vera mjög miðsvæðis hvað varðar lengri gönguferðir. Hagavatn tengi þannig saman Kjöl og svæðið sunnan Langjökuls. Þá nýtur ný gönguferð frá Skálpanesi, um Hagavatn, Mosaskarð, Hlöðufell og Klukkuskarð að Laugavatni stöðugt meiri vinsælda. Hann telur því að svæðið muni tvímælalaust nýtast meira og meira í framtíðinni. Arngrímur Hermannsson hjá ferðapjónustunni Ís bendir einnig á nálægð svæðisins við Þingvelli og Gullfoss, en finnst mesta gildið liggja í því að þetta sé hálandissvæði svo til í byggð. Hann segir að ef menn nýti ekki þetta svæði verði menn að fara mun lengra til að komast í álíka hálandisperlur og er að finna við Hagavatn. Arngrímur nefnir enn fremur að svæðið geti nýst göngumönnum sérstaklega vel, þar sem að minni umferð sé á þessu svæði en þar sem meginbílaumferðin liggur upp á Langjökul. Hann telur auch þess mikil verðmæti vera í vannýttum hraunhellum á svæðinu. Jón Harry Njarðarson á Hótel Gullfossi telur Hagavatnssvæðið vera er eitt fallegasta svæðið í uppsveitum Árnессýslu en segir það mjög vannýtt í dag hvað varðar ferðapjónustu, fyrst og fremst vegna lélegs aðgengis. Hann leggur áherslu á þá skoðun sína að nýting svæðisins fyrir ferðapjónustuna sé algerlega háð því að Kjalvegur verði malbikaður. Björn í Úthlíð er sama sinnis. Hann segir svæðið sunnan Langjökuls oft ganga undir nafninu „litla Þórsmörk“ vegna


sérstæðrar fegurðar þess og að margir ferðamenn hafi áhuga á að komast að svæðinu og inn að jökli, en eins og staðan er í dag telur hann að það vanti aukið aðgengi svo allir ferðamenn sem þess óska fái notið svæðisins. Uppbyggðir vegir séu því að hans mati grundvallarforsenda að auknu gildi svæðisins fyrir ferðaþjónustu uppsveitanna í framtíðinni.

4.3 FRAMTÍÐARSÝN OG VÆNTINGAR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR TIL SVÆÐISINS

Til að varpa ljósi á þá framtíðarsýn sem viðmælendur hafa um gildi svæðisins umhverfis Hagavatn voru þeir enn fremur spurðir um álit þeirra á mikilvægi fyrrnefndra staða eða leiða í nánustu framtíð, hvað þeir telji að muni standa upp úr sem aðráttarafl svæðisins í framtíðinni, og hvaða hluta svæðisins þeir telja vera spennandi að nýta frekar, kynna og auka upplýsingar um (mynd 6 og 7). Staðir sem flestir viðmælendur telja að öðlist aukið gildi hvað varðar ferðamennsku í nánustu framtíð eru Hagavatn, svæðið sunnan Langjökuls sem heild, Kjölur, Gullfoss, Geysir og Jarlhettur. Hlutfall heimamanna og þeirra sem ekki búa á svæðinu er nokkuð jafnt hvað varðar þessa skoðun. Veg- og gönguleiðir sem flestir nefndu voru vegurinn að Skálpanesi, vegurinn um Mosaskarð, vegurinn að Hagavatni, vegurinn frá Hlöðufelli að línuvegi og Kjalvegur. Þeir ferðaþjónustuaðilar sem ekki búa á svæðinu nefndu auk þess nokkrar gönguleiðir sem að þeirra álti munu fá aukið gildi í framtíðinni. Eftirtektarvert er að engir heimamenn nefna hér gönguleiðir, sem getur mögulega haft með eðli ferðaþjónustu þeirra að gera (sjá einnig mynd 5, ef frá er talin gönguleið frá Hvítárnesi í Jarlhettur).



Mynd 6: Staðir sem viðmælendur telja að munu fá aukið gildi í framtíðinni.



Mynd 7: Gönguleiðir og vegir sem viðmælendur telja að munu fá aukið gildi í framtíðinni.


Til að varpa ljósi á hvernig ferðaþjónustu viðmælendur vilja sjá á svæðinu á komandi árum, óháð því hvort af framkvæmd verður eða ekki, voru þeir inntrir eftir væntingum og framtíðarsýn til þróunar atvinnugreinarinnar á svæðinu. Allir viðmælendurnir eru sammála um það að telja stöðu ferðaþjónustunnar í dag vera góða og framtíð ferðaþjónustu á svæðinu bjarta. Svo til allir viðmælendur eru enn fremur á þeirri skoðun að aðdráttarafl hálendisins eigi eftir að aukast mikið í nánustu framtíð. Flestir heimamenn vilja að ferðaþjónustan verði eflid í héraði, en að markmiðin verði í auknum mæli sett á aukin gæði og að markaðssetningu verði meira beint að efnaðri ferðamönnum sem skilja eftir meira fjármagn á svæðinu. Hátt verðlag sjá sumir enn fremur fyrir sér sem jákvætt stýritæki til að stemma stigu við of miklum fjölda. Heimamenn vilja sjá þjónustuna stýrt frá byggðinni á láglendi en að hálendið verði aðgengilegt og opið öllum ferðamönnum. Spurt var hvort viðmælendur hefðu uppi áform um að færa út kvíarnar í starfsemi sinni. Meiri hluti heimamanna (4) telur slík áform háð því að aðgengi verði bætt á svæðinu og sandfok heft. Tveir heimamanna segjast þó ætla að halda áfram að stækka hjá sér, hvort sem af framkvæmdum verður eða ekki. Af þeim sem ekki hafa höfuðstöðvar í héraði segjast allir nema einn viðmælenda ætla að færa út kvíarnar á svæðinu með því að bæta við ferðum og/eða bæta aðstöðu.

5 VIÐHORF TIL FYRIRHUGAÐRAR FRAMKVÆMDAR


5.1 VIÐHORF FERÐAÐJÓNUSTUAÐILA TIL HAGAVATNSVIRKJUNAR

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir þekktu til fyrirhugaðra framkvæmda Orkuveitu Reykjavíkur um byggingu vatnsaflsvirkjunar við Hagavatn. Einungis fjórir viðmælendur þekktu til fyrirhugaðra framkvæmda áður en viðtölin voru boðuð. Af þeim voru tveir búsettir í heraði og tveir utan svæðisins. Nokkrir kynntu sér málið að einhverju leyti á milli þess að viðtal var boðað og að það átti sér stað. Hvað varðar aðra viðmælendur má segja að þetta hafi verið fyrsta kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum. Svör þeirra við frekari spurningum varðandi framkvæmdina endurspeglar því að einhverju leyti þeirra viðhorf við fyrstu umhugsun. Flestir viðmælendur þekktu hins vegar til fyrri áforma Landgræðslunnar um stækkun Hagavatns í þeim tilgangi að hefta sandfok.

Hvað varðar viðhorf viðmælenda til uppbyggingar vatnsaflsvirkjunar við Hagavatn, er tæpur helmingur (47%) hlynntur hugmyndum um Hagavatnsvirkjun, en litlu færri (40%) eru andvígir slíkum hugmyndum (mynd 8). Afgerandi munur er á viðhorfum viðmælenda eftir búsetu. Þannig er mikill meirihluti (75%) heimamanna jákvædir í garð fyrirhugaðrar virkjunar (mynd 9a), en meirihluti (70%) þeirra sem ekki eru búsettir á svæðinu eru hins vegar neikvædir í garð virkjanaframkvæmda við Hagavatn (mynd 9b).



Mynd 8: Viðhorf viðmælenda til framkvæmdar.



Mynd 9: a) Til vinstri: Viðhorf heimamanna til framkvæmdar. **b)** Til hægri: Viðhorf þeirra sem ekki eru búsettir á svæðinu til framkvæmdar.

Þeir sem eru búsettir á svæðinu sjá þannig fleiri kosti við fyrirhugaðar framkvæmdir, og sjá í þeirri uppbyggingu sem framkvæmdunum fylgir fleiri tækifæri en hindranir þrátt fyrir töluverða röskun á framkvæmdartíma. Aðalheiður Jacobsen á Kjóastöðum segir til dæmis: „Þótt þetta sé röskun þá sé ég fyrir mér að þetta muni auðvelda aðgengi og gera allt svæðið öruggara fyrir ferðamenn, því þeir sjá um að það sé til dæmis GSM samband á svæðinu og allt slíkt, þannig að ég horfi ekki á þetta neikvætt, bara jákvætt“. Sumir eru enn fremur á þeirri skoðun að allar virkjanir hafi leitt af sér jákvæða hluti fyrir ferðaþjónustuna. Þeir sem ekki búa á svæðinu benda aftur á móti á að með auknum framkvæmdum og uppbyggingu verði ferðamenn að sækja stöðugt lengra frá höfuðborgarsvæðinu til að upplifa hálandið.

Þegar litið er á ákveðna áhrifaþætti framkvæmdanna, þá eru svo til allir viðmælendur (93%) á þeirri skoðun að aukin vegagerð sé jákvæð fyrir ferðaþjónustu svæðisins. Menn sjá í því sambandi fyrir sér bætt og öruggara aðgengi að svæðinu. Nokkrir (7%) telja þó að aukið aðgengi muni skerða aðdráttarafl svæðisins. Rúmlega helmingur viðmælenda (53%) telur hins vegar að bæði mannvirkir og línlínur sem þeim fylgja muni hafa neikvæð áhrif á ímynd svæðisins og vill að línlínur verði lagðar í jörðu. Margir (33%) álita þó að sjónræn áhrif línlína verði ekki mikil þar sem línlínur eru þegar fyrir á svæðinu, og álíka margir (40%) telja að fyrirhuguð mannvirkir komi ekki til með að sjást mikið og að sjónræn áhrif þeirra verði þannig ekki afgerandi. Hvað varðar stækkun Hagavatns og breytingar þess í uppistöðulón telur tæpur helmingur


viðmælenda (45%) slika stækken jákvæða á þeirri forsendu að stækken vatnsins hefti sandfok sem sé að þeirra mati nauðsynlegt eigi ferðaþjónusta að geta þrifist í uppsveitunum. Menn benda jafnframt á í þessu sambandi að jökullónið hafi áður fyrr verið álíka stórt og áætlað virkjanalón. Jafn margir (45%) telja hins vegar sandfok ekki vera það stórt vandamál að það réttlæti slíkt inngríp sem virkjun sé, og benda á að það sé ekki nægjanlega sannað að stækken lónsins komi til með að hefta sandfok á svæðinu. Umrót á framkvæmdartíma telur meiri hluti (69%) viðmælenda vera neikvætt. Þeir benda á aukna umferð, röskun á hálendiskyrrðinni og að stórframkvæmdir og óspillt náttúra fari aldrei saman. Aðrir (31%) benda hins vegar á að efnahagslegur ávinningur á framkvæmdatíma sé jákvæður fyrir ferðaþjónustu. Viðhorf viðmælenda til ofangreindra áhrifaþátta fyrirhugaðrar framkvæmdar eru dregin saman í töflu 5.

Verði ekki af virkjunarframkvæmdum telja viðmælendur almennt að vegir og slóðar á svæðinu haldist óbreyttir og að það muni áfram koma í hlut ferðaþjónustunnar að viðhalda þeim. Nokkrir telja núverandi aðgengi vera gott fyrir þann hóp sem nú sækir á svæðið og það að þurfa að hafa fyrir því að komast á staðinn sé hluti af aðráttaraflí svæðisins.

Viðmælendur voru enn fremur spurðir hverja þeir teldu vera helstu ávinninga af uppbyggingu virkjunar á svæðinu, og að sama skapi voru þeir spurðir um það hverju ferðaþjónustan tapaði ef af framkvæmdum yrði (myndir 10 og 11). Bæði heimamenn og þeir sem búsettir eru utan svæðisins telja að meginávinningur framkvæmdanna fyrir ferðaþjónustu og útivist yrði bættir vegir og bætt aðgengi að svæðinu. Að öðru leyti sjá heimamenn mun meiri ávinninga í fyrirhugaðri framkvæmd en þeir sem ekki búa á svæðinu. Samhliða bættum vegum ber þar hæst hefting sandfoks og uppbygging Kjalvegar sem heilsársvegar. Sem ávinning framkvæmdanna sjá viðmælendur einnig fyrir sér meiri dreifingu ferðamanna um allt svæðið, að fjölbreyttari hópar myndu sækja á Hagavatnssvæðið og atvinnusköpun á meðan á framkvæmdum stendur (mynd 10).

Tafla 5: Viðhorf viðmælenda til framkvæmdar.

Áhrifapættir framkvæmdar	Jákvætt	Neikvætt	Hvorki/né
Línur	33% (3/9) <i>Munu ekki hafa mikil áhrif þar sem línur eru fyrir. Þarf að leggja þær m.t.t. umhverfis, en verður ekki raunverulegt vandamál.</i>	56% (5/9) <i>Valda sjónrænni truflun, mikilvægt að þær verði settar í jörðu.</i>	11% (1/9) <i>Einhvers staðar verða þær að vera.</i>
Vegagerð - aðgengi	80% (12/15) <i>Munu verða bættir ef til framkvæmdar kemur. Aðgengi verður betra og allt svæðið þ.a.l. öruggara. Bættir vegir mjög jákvætt, sérstaklega bættur Kjalvegur. Jákvætt að gera góðan veg upp að jöklum, en ekki meira en það.</i>	7% (1/15) <i>Ekki jákvætt að byggja nýja vegi á hálandinu, með því hverfur aðdráttaraflíð</i>	13% (2/15) <i>Aðgengi verður liklega bætt, en hver nennir að skoða stíflu? Bættar samgöngur eru jákvæðar en bætt aðgengi ekki</i>
Mannvirki	40% (6/15) <i>Trufla ekki. Koma ekki til með að sjást. Mannvirki laða að, hluti af þróun.</i>	53% (8/15) <i>Skemma óbyggðartilfinninguna. Munu skemma allar náttúruperlur sem eru þarna á svæðinu. Ferðamenn eru ekki að leita að mannvirkjum á svæði sem þessu. Fremur neikvætt nema þau verði að mestu falin.</i>	7% (1/15) <i>Gæti orðið aðdráttarafl til lengri tíma, en stíflustæði yrðu samt mikil sjónmengun á Hagavatns-svæðinu.</i>
Uppistöðulón	45% (5/11) <i>Stækken lónsins mun hefta viðvarandi sandfok, sem er jákvætt fyrir ferðaþjónustuna. Lónið var svipað stórt áður.</i>	45% (5/11) <i>Sandfok ekki nægilegt vandamál til að það réttlæti virkjun. Ekki sannað að stækken lóns muni hefta sandfokið.</i>	10% (1/11) <i>Sandfok vandamál en uppistöðulón ekki trygg lausn á því.</i>
Röskun á framkvæmdatíma	31% (4/13) <i>Hluti af þróuninni. Efnahagslega hliðin af því er sterkt fyrir ferðaþjónustu. Ekki neikvætt fyrir ferðir. Sjálfsgagt að fari tími í það, hefur ekki áhrif til frambúðar.</i>	69% (9/13) <i>Áhrif til frambúðar. Truflar hálandiskyrðina og verður hugsanlega sjónmengun. Stórframkvæmdir og óspillt náttúra fara aldrei saman. Umrót og meiri umferð.</i>	0% (0/13)



Mynd 10: Helstu ávinnningar framkvæmda við Hagavatn að mati viðmælenda.

Björn Sigurðsson í Úthlíð er á þeirri skoðun að eina leiðin til að ferðaþjónustan geti þrifist á svæðinu sé að aðgengi verði bætt og sandfok heft. Jón H. Njarðarson á Hótel Gullfossi telur núverandi ástand Kjalvegar vera óviðunandi og nefnir að upplifun ferðamanna af honum sé oft neikvæð. Hann finnur fyrir töluluverðri aukningu í viðskiptum um leið og Kjalvegar opnar á vorin, og segir „Að opna veginn yfir Kjölf er á við að fá álver“. Uppbyggður heilsársvegur yfir Kjölf telur hann að myndi þannig tryggja betur rekstrargrundvöll hans. Ólöf Einarsdóttir hjá Afþreyingafélagini tekur í sama streng um mikilvægi bætts Kjalvegar. Afþreyingafélagið starfar aðallega í Skálpanesi og gengur þjónusta þeirra meðal annars út á að flytja kúnna sem ekki komast á eigin bílum frá Gullfosskaffi að Skálpanesi. Vegna slæms ástands vegarins hefur fyrirtækið sjálft staðið að lagfæringum á sunnanverðum Kjalvegi sem og á vegi F336 sem liggur frá Kjalvegi í Skálpanes, auk þess sem Ólöf segir að fyrirtækið sé stöðugt að hjálpa fólk sem festir bíla sína á leiðinni í Skálpanes. Uppbyggður heilsársvegur á Kili segir Ólöf að myndi því bæta og efla rekstrargrundvöll fyrirtækisins töluvert. Þróunin sem hún vill sjá er að „fólk geti komist alla leið, vegunum haldið opnum fyrir alla ferðaþjónustu svo að það sé hægt að nálgast þennan jökul sem er í alfaraleið og svona nálægt Gullfossi og Geysi þar sem allir ferðamenn fara. Það er til nóg af jöklum sem hægt er að ganga á. Fólk er að að leita eftir betra aðgengi“. Jón á Hótel Gullfossi er á þeirri skoðun að ferðamenn vilja manngert umhverfi. Hann segir menn vera „að leita að landslagi, en það þarf mannvirkni til að fólk geti komist að því. ... Fólk skilur það að það þurfi að leggja vedi og byggja hús, það er partur af því að vera þjóð og að vera á einhverjum stað. Fólk sækir þangað sem

aðrir fara, þangað sem straumurinn liggar. Mannvirki laða líka fólk að, það er bara þannig. ... Þetta mun styrkja ferðaþjónustuna töluvert“.

Megintap svæðisins fyrir ferðaþjónustu og útivist, ef af virkjunarframkvæmdum við Hagavatn yrði, telja flestir vera breytingar á ásýnd lands vegna mannvirkjagerðar og breytinga á vatnsborði Hagavatns sem veldur meðal annars því að Nýifoss hverfur. Viðmælendur telja einnig að framkvæmdirnar geti skert nýtingarmöguleika svæðisins til framtíðar, sem og að sandfok verði áfram óheft þrátt fyrir framkvæmdir. Núverandi aðstaða sem byggð hefur verið fyrir göngufólk yrði mögulega vannýtt og Hagavatnssvæðið myndi að öllum líkindum missa það aðdráttarafl sem svæðið nú býr yfir (mynd 11).



Mynd 11: Helsta tap svæðisins fyrir ferðaþjónustu og útivist vegna virkjunarframkvæmda.

Margir nefna eftirsjá af fossinum og svæðinu umhverfis hann sem talið er vera einstakur vettvangur til að skoða síbreytileika náttúrunnar. Aðalheiður á Kjóstöðum segir fossinn vera geymt leyndarmál, að hann sé einstaklega fallegur en hins vegar telur hún að þeir séu mjög fáir sem fái að njóta hans. Ólíkt samsveitungum sínum álítur Svavar Njarðarson í Gullfosskaffi hugmyndina um virkjun við Hagavatn vera tap fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Hann bendir á að sögunni samkvæmt sé það óhugsandi að virkjað verði einhvers staðar í nágrenni Gullfoss þar sem að barist hafi verið mjög hart gegn því að virkja Gullfoss á sínum tíma. Hann telur Gullfoss svæðið þannig vera tákna fyrir virkjanalaust svæði. „Þessir draumar um að virkja á þessu

svæði það hugnast mér ekki sem ferðaþjónustuaðila. Ég sé enga samleið með þessu, við fyrstu athugun. Það er útilokað fyrir mig sem Brattholtsmann að vera með virkjunum á þessu svæði“. Jón G. Snæland hjá Ferðaklúbbnum 4x4 tekur enn harðar í árina og segir svæðið vera það lítið að það þoli ekki uppbyggðar stíflur, línur og vegi. Með slíkri uppbyggingu „er þetta svæði í mínum huga ónýtt“.

5.2 ÁÐUR BIRTAR ATHUGASEMDIR VIÐMÆLENDI

Á kynningartíma frummattskýrslu um umhverfisáhrif vegna stækkunar Hagavatns til að minnka sandfok af svæðinu (Landgræðsla ríkisins, 1996) sendu bæði Ferðafélag Íslands og Ís ferðaþjónusta (þá Addís hf) opinberar athugasemdir. Eins og fram kemur í inngangi féllst skipulagsstjóri á framkvæmdina með skilyrðum en ári síðar var sá úrskurður skipulagsstjóra felldur úr gildi meðal annars þar sem engin athugun hafi verið gerð um samspil framkvæmdarinnar og ferðamennsku, en athugasemdir þess efnis bárust meðal annars frá ofangreindum aðilum. Viðmælendur FÍ og ferðaþjónustunnar Ís eru ennþá sömu skoðunar og þeir voru fyrir um áratug og standa með sínum fyrri athugasemdum. Afstaða þeirra til fyrirhugaðra framkvæmda er því skýr. Innsendar athugasemdir þeirra við frummattskýrslu Landgræðslunnar (1996) eru reifaðar hér að neðan.

Arngrímur Hermannsson þáverandi framkvæmdarstjóri Addís hf gerir athugasemd við það að í frummattskýrslunni sé ekki gert nægilega grein fyrir tilgangi og markmiði framkvæmdanna og væntanlegs árangurs þeirra. Hann segir stóran hluta þess lands sem fara eigi undir vatn vera blautar jökuleyrar eða jökkulleðja sem sé efni sem ekki svo auðveldlega fjúki. Jafnframt bendir hann á að ekki hafi verið fjallað um hugsanlegar breytingar á meðalhita á svæðinu í kjölfar stækkunar vatnsins og möguleg áhrif slíkra breytinga á stærð jöklar, sandfok og afkomu gróðurs á svæðinu. Enn fremur, að ekki hafi verið sýnt fram á að Hagafellsjökull skríði ekki fram á næstu árum eða áratugum og leggi væntanlega stíflu í rúst. Arngrímur gagnrýnir auk þess að í skýrslunni sé ekkert fjallað um ferðamenn eða ferðaþjónustu og það aðráttarafl sem Nýifoss og Farið hefur fyrir ferðamenn. Hann bendir á að örarár breytingar á landslagi sem þar eigi sér stað séu á fáum stöðum skýrari og meira áberandi, og því telji hann það vera mikla skammsýni fyrir ferðaþjónustuna að hefja mannvirkjagerð á þessu

svæði þar sem landbreytingar sem þessar séu aðráttarafl sem á komandi árum muni vera kærkomin viðbót fyrir ferðamenn sem skoða Gullfoss og Geysi.

Ferðafélag Íslands gerir athugasemdir við frummatsskýrslu Landgræðslunnar byggðar á niðurstöðum umfjöllunar stjórnar félagsins á henni. Í þeim er meðal annars rakin saga félagsins við Hagavatn s.s. bygging sæluhússins árið 1942 og bygging göngubrúa yfir Farið sem ítrekað hafa farið vegna fróða. Í athugasemdum FÍ er því einnig lýst að félagið hafi unnið að því að kynna svæðið fyrir landsmönnum með umfjöllunum í árbókum sínum. FÍ lýsir jafnframt undrun sinni yfir því að ekki hafi verið leitað umsagnar félagsins vegna frummatsins og fyrirhugaðra framkvæmda. Í athugasemdunum segir enn fremur: „Stjórn Ferðafélags Íslands vill nota það tækifæri sem Skipulagsstofnun ríkisins hefur gefið til athugasemda, og mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum við Hagavatn í ljósi þess umhverfismats sem nú liggur fyrir“. Þá bendir félagið á að með framkvæmdum sé verið að grípa inn í merkilega myndunarsögu Hagavatns sem margir vísindamenn hafa gert skil. Ferðafélagið telur að í frummatinu sé ýmsum mikilvægum þáttum ekki gerð skil svo sem upplýsingum um áhrif á ferðamennsku og náttúruskoðun. Í athugasemdunum segir enn fremur:

Þau áhrif koma til með að verða töluverð. Aðkoma að vatninu mun gjörbreytast. Það er ekki tilviljun sem réði staðsetningu skála félagsins við Hagavatn. Þaðan er einstakt að ganga meðfram gljúfri Farsins þar sem áin fossar ... Við framkvæmdir mun áin hverfa. Ánni er fylgt að útfalli sínu og er sá staður einstakur þar sem útsýni opnast til jöklusins. Útfall vatnsins er einnig sérstakt og oft má sjá mikilfenglegt sjónarspil er ísjakar stífla útfallið. Verði fyrirhugaðar farmkvæmdir að veruleika munu ferðamenn koma að stíflu á þessum stað. ... Leynifossgljúfur þar sem útfall Hagavatns rann á árunum 1929-39 er mikilfengleg náttúrusýn sem dregur til sín náttúruskoðendur. Við framkvæmdirnar mun þetta gljúfur verða útfall á nýjan leik sem takmarkar möguleika til skoðunar gljúfursins.

Ferðafélagið segir að lokum að verði umhverfismatið samþykkt sé nauðsynlegt að framkvæmdaraðili reisi göngubrú yfir nýtt útfall og að vatnsyfirborð verði ekki hærra en svo að gönguleiðin meðfram Brekknafjöllum og Fagradalsfjöllum haldist vel opin.

Varðandi ferðamennsku við Hagavatn barst Skipulagsstjóra einnig athugasemd frá Unni Svavarssdóttur jarðfræðingi og leiðsögumanni þar sem hún bendir meðal annars á að Hagavatn og nágrenni þess njóti stöðugt vaxandi vinsælda meðal leiðsögumanna og skipuleggjenda ferða fyrir erlenda ferðamenn. Hún nefnir að sífellt fleiri ferðamenn fara í jeppaferðir og stutt sé að fara að Hagavatni í hefðbundnum Gullfoss-Geysi hring þar sem ferðamönnun gæfist kostur á að horfa yfir Hagavatn að Langjökli frá hinu stórfenglega útfalli. Með því að stífla útfall vatnsins telur hún að sá staður verði eyðilagður.

Í svörum Landgræðslu ríkisins hvað varðar ferðamál segir meðal annars að ásýnd svæðisins við Hagavatn muni breytast við framkvæmdina. Hvort það hafi eingöngu neikvæð áhrif á ferðamennsku telur Landgræðslan erfitt að meta en nefnir að hugsanlega verði um að ræða breyttan markhóp ferðamanna sem áhuga hefur á að skoða svæðið eftir stækkun vatnsins. Í úrskurðarorðum Skipulagsstjóra ríkisins segir að fallist verði á fyrirhugaða stækkun Hagavatns eins og henni er lýst í frummatsskýrslu með þeim skilyrðum að: „Göngubrú verði sett á útfall Hagavatns ofan við Leynifoss. Staðsetning og gerð brúar verði í fullu samráði við Náttúruverndarráð“. Umhverfisráðherra felldi hins vegar úrskurð skipulagsstjóra úr gildi árið 1997 og úrskurðaði að stækkun Hagavatns skyldi fara í ítarlegra umhverfismat. Landgræðslan ákvað að fresta málinu um óákveðinn tíma þar sem ljóst þótti að slíkt mat yrði hvort tveggja umfangsmikið og dýrt (Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, munnl. uppl. 31.03.08).

6 NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

6.1 GILDI SVÆÐISINS UMHVERFIS HAGAVATN FYRIR FERÐAMENNSKU

Mikilvægi ferðaþjónustu sem atvinnuvegs hefur aukist mikið í uppsveitum Árnessýslu síðastliðinn áratug og eykst enn. Allir viðmælendur þessarar könnunar eru sammála um það að telja stöðu ferðaþjónustu í dag vera góða og framtíð ferðaþjónustu á svæðinu bjarta. Megintilgangur ferðamanna með heimsókn sinni í uppsveitir Árnessýslu er að álti viðmælenda að njóta íslenskrar náttúru. Flestir ferðamenn koma á svæðið til að sjá Gullfoss og Geysi, og telja allir viðmælendur ferðamenn vera mjög ánægða með heimsókn sína í uppsveitirnar. Þeir ferðamenn sem hafa meiri tíma á svæðinu vilja almennt komast upp að jökli eða fara yfir Kjöl. Nokkrir ferðaþjónustuaðilar telja að farið sé að örla á of miklu álagi ferðamanna á vinsælustu stöðunum, og álíta að aukin dreifing ferðamanna um svæðið myndi léttu á álaginu á þessum stöðum og þannig verða hvort tveggja ferðaþjónustunni og náttúrunni til góða.

Svæðið sunnan Langjökuls er að mati flestra viðmælenda mikilvægt fyrir ferðaþjónustu uppsveita Árnessýslu. Þeir segja svæðið búa yfir verðmætum náttúruperlum, að fjölbreytni í landslagi sé óvíða meiri og að tiltölulega auðvelt sé að komast þar að jökli. Svæðið sé þannig mikilvægt aðráttarafl uppsveita Árnessýslu sem heildar. Núverandi nýting svæðisins umhverfis Hagavatn fyrir ferðamennsku felst fyrst og fremst í náttúruupplifun þeirra er svæðið sækja. Innviðir á svæðinu eru fáir og fábrotningar, og núverandi aðgengi takmarkar að einhverju leyti fjölda ferðamanna á svæðinu. Álag ferðamanna á land er að sama skapi ekki mikið. Svæðið dregur þannig til sín ferðamenn sem sækjast eftir víðernisupplifun samkvæmt skala afþreyingarrófsins.

Lega svæðisins umhverfis Hagavatn á jaðri byggðar og hálandis skapar því sérstöðu. Víðernisásýnd svæðisins ásamt stuttri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og stærsta alþjóðaflugvelli landsins eykur auk þess gildi svæðisins hvað varðar ferðamennsku. Það er þannig tiltölulega stutt og auðvelt að komast úr byggð í uppsveitum Árnessýslu í upplifun óbyggða hálandisins sunnan við Langjökul. Það er mikilvæg auðlind á tímum þegar ferðamenn gefa sér stöðugt styttri tíma til ferðalaga. Núverandi

ferðamennska Hagavatnssvæðisins byggir fyrst og fremst á þessari sérstöðu, svæðið laðar til sín ferðamenn sem vilja njóta stórbrotinnar náttúru, jarðsögu, útiveru og ævintýra í lítt snortinni náttúru.

6.2 HAGAVATNSVIRKJUN – ÁVINNINGUR OG TAP AÐ MATI VIÐMÆLENDΑ

Rúmlega helmingur viðmælenda er hlynntur hugmyndum um fyrirhugaða framkvæmd og tæplega helmingur er andvígur slíkum hugmyndum. Afgerandi munur er hins vegar á viðhorfum viðmælenda eftir búsetu, alls 75% heimamanna er hlynntur uppbyggingu virkjunar við Hagavatn en 70% þeirra sem ekki búa á svæðinu er andvígur slíkri uppbyggingu. Þeir sem eru búsettir á svæðinu sjá þannig fleiri kosti við fyrirhugaðar framkvæmdir en þeir sem hafa höfuðstöðvar starfsemi sinnar annars staðar. Flestir heimamenn sjá í framkvæmdunum aukin atvinnutækifæri, auknar tekjur og styrkingu byggðar á svæðinu. Þeir eygja einnig von um að framkvæmdirnar munu stórlega minnka sandfok frá Hagavatnssvæðinu sem sumir þeirra telja forsendu þess að unnt sé að stunda áframhaldandi ferðaþjónustu efst í uppsveitum Árnессýslu. Vonir manna eru þó fyrst og fremst bundnar við að framkvæmdunum fylgi bættir vegir og bætt aðgengi sem og öryggi bæði fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuaðila. Menn binda mestar vonir við uppbyggingu Kjalvegar sem heilsársvegar, og margir virðast sjá í fyrirhuguðum framkvæmdunum Orkuveitunnar við Hagavatn beint orsakasamband á milli þeirra og uppbyggingu Kjalvegar.

Þeir ferðaþjónustuaðilar sem nýta svæðið fyrir sína ferðaþjónustu en búa ekki á svæðinu telja flestir að aðráttarafl svæðisins liggi að miklu leyti í þeirri kyrrð og víðernisupplifun sem svæðið býður upp á. Benda margir á að með auknum framkvæmdum og uppbyggingu verði ferðamenn að sækja stöðugt lengra frá höfuðborgarsvæðinu til að komast í þessa upplifun. Þeir nefna einnig að það að hafa fyrir því að komast á staðinn sé hluti af aðráttaraflinu. Hvað varðar heftingu sandfoks bendir um helmingur viðmælenda á að það sé ekki nægjanlega sannað að stækkun lónsins komi til með að hefta sandfok á svæðinu, þannig að það eitt geti að þeirra mati ekki réttlætt virkjun á svæðinu. Meiri hluti viðmælenda telur að mannvirkin ásamt línum sem þeim fylgja muni hafa neikvæð áhrif á ímynd svæðisins. Aðrir benda á að línur séu þegar fyrir á svæðinu og telja að sjónræn áhrif annarra mannvirkjanna verði ekki mikil. Viðhorf viðmælenda til fyrirhugaðra framkvæmda

eru þannig blendin, og er sterkt samband á milli búsetu viðmælenda og viðhorfa til framkvæmda.

Bæði heimamenn og þeir sem búsettir eru utan svæðisins telja að meginávinnungur framkvæmdanna fyrir ferðapjónustu og útivist vera bættir vegir og bætt aðgengi að Hagavatnssvæðinu, ásamt meiri dreifingu ferðamanna um uppsveitirnar. Samhliða bættum vegum telja flestir heimamenn auk þess ávinnung felast í mögulegri heftingu sandfoks, uppbyggingu Kjalvegar sem heilsársvegar, aukinni atvinnusköpun á meðan á framkvæmdum stendur og að fjölbreyttari hópar myndu sækja á svæðið. Megintap svæðisins fyrir ferðapjónustu og útivist, yrði af virkjunarframkvæmdum við Hagavatn, telja hins vegar flestir viðmælendur vera breytingar á ásýnd lands þar sem náttúrlegt umhverfi víkur fyrir manngerðu. Breytingar á vatnsborði Hagavatns munu til dæmis valda því að Nýifoss hverfur ásamt öllu svæðinu umhverfis hann sem af vísindamönnum er talið vera einstakur vettvangur til að skoða síbreytileika náttúrunnar. Viðmælendur telja einnig margir að framkvæmdirnar geti skert nýtingarmöguleika svæðisins til framtíðar, sem og að sandfok verði áfram óheft þrátt fyrir framkvæmdir. Núverandi aðstaða sem byggð hefur verið fyrir gönguferðamenn yrði mögulega vannýtt og Hagavatnssvæðið myndi að öllum líkindum missa það aðdráttarafl sem svæðið nú býr yfir.

6.3 FRAMTÍÐARGILDISMAT

Svo til allir viðmælendur eru á þeirri skoðun að aðdráttarafl hálandisins eigi eftir að aukast mikið í framtíðinni. Auk stórbrotinnar náttúru liggar megináðráttarafl hálandisins að margra mati í ósnertri náttúru, víðáttu, fámenni og kyrrðinni sem þar ríkir. Reynslan hefur sýnt að ferðamannastaðir hafi hins vegar tilhneigingu að þróast í takt við ferðamennskuna, frá því að vera uppgötvaðir af ferðmönnum sem sækja í upplifun friðar og fábrotinna innviða, í að verða vinsælir með tilheyrandi uppbyggingu innviða til að svara aukinni eftirspurn, og enda margir sem fjöldaférféðamennskustaðir með hnignandi eftirspurn (Butler, 1980). Aukið aðgengi og uppbygging á Hagavatnssvæðinu kemur til með að breyta þeirri ferðamennsku sem nú er á svæðinu, og að öllum líkindum færa svæðið til á skala afþreyingarrófsins (sjá töflu 1). Það er því mikilvægt að hagsmunaaðilar svæðisins vinni saman að móturn heildarstefnu ferðamennsku á öllu svæðinu og sammælist um hvernig ferðamennsku

þeir vilja sjá þróast á svæðinu sunnan Langjökuls sem og í uppsveitum Árnessýslu á komandi árum, þar sem erfitt getur reynst að snúa þróun ferðamannastaða við.

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að ferðaþjónustuaðilar á svæðinu hafa mismunandi viðhorf og væntingar til fyrirhugaðrar framkvæmdar og að þeir tefla fram ýmsum rökum bæði með og á móti fyrirhugaðri framkvæmd. Það er mikilvægt að koma á móts við hagsmunaaðila eftir því sem kostur er og auka þannig ávinning framkvæmdar og minnka tap. Anna Dóra Sæþórsdóttir (1998) bendir á að virkjanir geta og hafa stuðlað að ýmis konar nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu hér á landi, sem og að stuðla að dreifingu ferðamanna. Hún bendir jafnframt á að þótt hluti umhverfis skaðist af virkjunarframkvæmdum kunna ný sóknarfæri að skapast. Framtíðargildismat viðmælenda þessarar rannsóknar ræðst af mismunandi viðhorfi þeirra og væntingum til Hagavatnssvæðisins. Með ákveðinni skipulagningu og stjórnun er mögulega unnt að koma á móts við væntingar þeirra að miklu leyti þótt þær virðast mótsagnakenndar, þ.e. annars vegar aukið og bætt aðgengi að Hagavatnssvæðinu og hins vegar viðhald þeirrar friðsældar og víðernisupplifunar sem svæðið býður upp á í dag. Til þess er mikilvægt að skoða Hagavatnssvæðið sem hluta af stærri heild og byggja stefnumótun og skipulag ferðamennsku í samræmi við þá afþreyingarmöguleika sem uppsveitir Árnessýslu hafa upp á að bjóða.

HEIMILDIR

Anna Dóra Sæþórsdóttir 2006: 'Skipulag náttúruferðamennsku með hliðsjón af viðhorfum ferðamanna' *Landabréfið* 22(1), 3-20.

Anna Dóra Sæþórsdóttir 1998: *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku*. Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Landsvirkjun.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson 2007: *Ferðamennska við Laka*. Höfn í Hornafirði: Háskólastrið í Hornafirði (Rit Háskólastursins á Hornafirði nr. 5)

Butler, R.W. 1980: 'The concept of a tourism area cycle of evolution: implication for management of resources' *Candian Geographer* 14, 5-12.

Esterberg, K.G. 2001: *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.

Guttormur Sigbjarnarson 1967: 'The Changing Level of Hagavatn and Glacial Recession in this Century' *Jökull* 17, 263-279.

Hagstofa Íslands 2007: *Allar tegundir gististaða: Gistinætur, gestakomur og meðaldvalarlengd, 2000 – 2006*. www.hagstofa.is. Skoðað 17. nóv. 2007.

Landgræðsla ríkisins 1996: *Stækun Hagavatns (Stöðvun sandfoks). Mat á umhverfisáhrifum, frumathugun*. Reykjavík: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen (verk nr: 93.380).

McCool, S.F., Clark, R.N. og Stankey, G.H. 2007: 'An assessment of frameworks useful for public land recreation planning' *Gen. Tech Rep. PNW-GTR-705*. Portland OR: U.S. Department of agriculture, Pacific Northwest research station.

Rögnvaldur Guðmundsson 2003: *Gæði og Gestrisni - stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008*. Reykjavík: Rannsóknir og Ráðgjöf Ferðaþjónustunnar.

Samgönguráðuneytið 2007: *Ferðamálaráð andvíg heilsársvegi um Kjöl*. www.samgonguraduneyti.is/frettir/nr/1144. Skoðað 20. febrúar 2008.

Skipulagsstofnun 1996: *Mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993 vegna stækkunar Hagavatns. Niðurstöður frumathugunar og úrskurður skipulagsstjóra ríkisins*. www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/sasn6l6jq.html/\$File/MAT86.PDF


Uppsveitir Árnessýslu 2007: *Ferðamannabæklingur*. 17. útg. Bláskógbabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Theódór Theódórsson 1980: 'Hagafellsjöklar taka á rás' *Jökull* 30, 75-77.

Þorbergur Þorbergsson og Hörður Svavarsson 1985: *Hagavatnsvirkjun, forathugun*.
Reykjavík: Orkustofnun. (Skýrsla: OS-85115/VOD-24 B)

VIÐAUKI I

**LEGA FYRIRHUGAÐS UPPISTÖÐULÓNS VEGNA
HAGAVATNSVIRKJUNAR – YFIRLITSMYND VEGNA
RANNSÓKNALEYFIS. © VGK-HÖNNUN**



VIÐAUKI II

VIÐTALSRAMMI

Viðtalsrammi vegna áhrifa Hagavatnsvirkjunar

Nafn / Fyrirtæki / Félag:

Dags:

Núverandi starfsemi

Getur þú lýst starfsemi þinni eins og hún er í dag?

Hvernig er staða ferðamennsku í uppsveitum Árnessýslu í dag? – hvernig myndir þú lýsa þeim fjölda ferðamanna sem hingað koma? Er hann mótulegur eða of mikill?

Hvaða áhrif hefur umfang og/eða einkenni ferðamennsku á starfssemi þína?

Hvað finnst þér um aðgengi ferðamanna á svæðið sunnan Langjökuls?

Núverandi aðdráttarafl svæðisins

Hvert telur þú vera helsta aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn?

Hvaða gildi hefur svæðið í kringum Hagavatn sérstaklega fyrir þína starfsemi og fyrir ferðamennsku á svæðinu?

Framtíðaráform og væntingar

Hvað væntingar hefur þú til framtíðar ferðamennsku á svæðinu sem þú starfar á?

Hvernig skynjar þú væntingar ferðamanna til aðgengis á svæðinu?

Núllkostur

Ef engar framkvæmdir væru gerðar á svæðinu sunnan Langjökuls, hvaða þýðingu hefði það fyrir

- Framtíð ferðamennsku á svæðinu?
- Framtíð starfsemi þinnar?
- Það hvernig væntingum ferðamanna er mætt?

Viðhorf til framkvæmdar

Hefur þú kynnt þér hugmyndir um fyrirhugaðar framkvæmdir við Hagavatn?

Hver er skoðun þín á að þar verði byggð vatnsaflsvirkjun?

Hvernig myndir þú lýsa áhrifum slíkrar framkvæmdar á:

- Upplifun ferðamanna á svæðinu?
- Aðgengi ferðamanna á svæðinu?
- Væntingar ferðamanna til svæðisins sem ferðamannastaðar?

VIÐAUKI III

**NÚVERANDI AÐDRÁTTARAFL OG GILDI SVÆÐISINS AÐ MATI
VIÐMÆLENDΑ**

Núverandi aðráttarafl og gildi svæðisins að mati viðmælenda

Úthlöð	Eftsti - Dalur	Hótel Gullfoss	Gullfosskaffi	Kjarnholt
Hvernig gestir	Mest íslendingar í bústaði, norðurlandabúar áberandi	Mest erlendir ferðamenn að skoða náttúru	Blandað, hópar af svæðinu í mat og ferðamenn sem vilja skoða Gullfoss og Geysi	Mest erlendir ferðamenn
Upplýsingar sem ferðamenn spyrja um	Bendir á skipulagðar ferðirn uppá Hálandi eða hvaða leiðir folk getur farið sjálft.	hræðsla við að benda fólkí á að fara á eigin vegum á afréttir, flestir sekja aðráttarall á láglendi.	Ekki mikio.	Mikio spurt um ástand vega og aðstæður til að komast inn að jöklí eða yfir Kjöl. Erfitt að segja fólk til. Bent að kaupa ferðir með leiðsögn.
Hvaða tímabil	Opið allt árið	Mestmegnis á sumrin	Opið allt árið	Opið allt árið
Mikilvægi áhrifasvæðis Hagavatns	þekking á svæðinu mikil. Það er mikilvægt sem leið að hálandinu	Það er alltaf einhverjir gestir sem sprjá um það svæði, fólk á eigin vegum og oft á lítlum bílum	Svæðið er vannyt og þjónar ekki 99% ferðamanna sem vilja komast þangað á bílaleigublum. Mikilvægt fyrir göngumenn og hestamenn.	Mjög mikilvægt fyrir ferðamenn sem eru á leið að jöklí eða uppá halendið.
Sandfok	Neikvæð áhrif fyrir ferðahónustu og útvist. Mikil eyðilegging af því í byggungum og eignum. Mikil þekking á öðrum ultraumum til uppræðslu.	Moldarstrókur skemmir mikio fyrir. Mikilvægt að hefta það. Það gengur ekki að graða upp.	þarf að hefta. Uppgræðsla virkar ekki.	EKKI mikio vandamál hefta.
Vegir	Agætir þeir sem eru til staðar	Bekkir vel. Ekki í góðu standi, sérstaklega Kjalvegur.	þeir sem eru til staðar eru ekki nóg góðir.	þarf að bæta
Línur	Mikilvægt að hafá línuveginn, annars enger athugas		Fólk er vant því að sjá línum.	
Araægia ferðamanna Venteringar ferðamanna	Mikil ef væntingum mætt í hjónustu. Mikilar til hjónustu og velútbúnum bústöðum. Margir vilja komast uppá hálandi eða uppað jöklí á bíl	Mikil	Það komast að flestum stöðum á bílaleigubil.	Mikil
Fjöldi ferðamanna	Alls ekki of mikill, hægt að hleypa mun fleiri á halendið!	Of mikill á Geysi t.d.	Ekki of mikill.	EKKI of mikill, alls ekki of líll.
Aðráttarafl og ástæður fyrir vinseldum svæðisins	Gullfoss og Geysir, stutt í hálandi og jökulinn	Gullfoss, Geysir og Kjöldur fyrir vissan hóp	Gullfoss, náttúran, lykilkúnnar á leið uppað Langjöklí og á hálandið	Allr helstu perlur landsins á svæðinu.
Aðgengi fyrir ferðamenn	Gott að vinsælustu stöðunum en mætti vera betra að leiri stöðum.	Ekki nóg gott t.d. á Kjalvegi og að Hagavatni.	Ekki nóg gott fyrir meirihluta ferðamanna sem eru lítum bílaleigublum	Ekki nóg örugg til að komast uppað jöklí t.d.
Aðgengi fyrir heimamenn og ferðahónustuaðila	þarf meiri leiðsögn og aðgengi fyrir þá þjónustuðila.	Ekki nóg gott t.d. til að smala.	Minnkandi áhrif á viðskipti að Kjalvegur opnar sein. Ástand Kjalvegar mikilvægt fyrir þá sem ferja ferðamenn i Skálpanes.	þarf að vera betri t.d. fyrir leiðsögnmenn.
Staða ferðahónustu almennt á svæðinu	Göð, en vantar meiri hjónustu og meiri upplýsingar.	Mjög góð en vanrar stethnumótun ef fjölgun ferðamanna verður veruleg.	Cið, alltaf smá aukning, en háð aðgerðum sem þarf að gera í framtíðinni.	Mjög góð miðað við fjölda ferðamanna í dag. Góð almennt, en erfid atvinnugrein fyrir þá sem starfa við hana.

	Kjóastadír	Geysir Center	Miðtalur	Ferðafelag Íslands	Afþreyningarfélagsfélag Íslands
Hvernig gestir	Útlendingar sem íslendingar.	Blandað	blandað	Göngufólk, aðallega félagsmenn, en göngumenn á eigin vegum fára þeirra leiðir líka.	Aðallega útlendingar, kvataferðir
Urp lýsingar sem ferðamenn spyrja um		Eiginleg upplýsinga- miðstöð fyrir háleindíð		Fólk vili fреðast um náttúru svaðisins.	
Hvaða tímabil	Opið allt árið, mest að gera á vorin og haustin	Opið allt árið	Mikil vetrarferðamennska á svæðinu sunnan Langjökuls.	Ferðir í gangi allt árið og skálar nýttir allt árið.	Hvernig á að komast leiðar sinnar.
Mikilvægi áhrifasvæðis Hagavatns	Lýkilsvæði fyrir peirra ferðir í dag.	Mikill áhugi á að komast að jöklum, Skálpunes og Jarlhettur.	Mikilvægt útvistarsvæði fyrir íslenskra og erlendra ferðamenn	Mjög mikilvægt svæði. Miklar frankvæmdir við skala og bryr á svæðinu sem er mikil notað.	Farþegar keyra sandana linuveg og Haukadalshleiði. Farið er einnig í Jarlhettumrar. Ekki þein áhrif á stafiseninu.
Sandfok	þarf að hefta		Vandamál	Ekkí vandamál	
Vegir	Í ágeitis standi þannig sem þeir eru notaðir í dag, en ekki miðjög þurrgrir.	þarf að bæta helstu leiðir, Kjavég og innað jöklum.	Í ágeitis standi en það skaðar ekkí að laga þá vegi sem eru vinsælir.	Nægilega góðir	Ágætir. Hafa sett mikinn pening í að halda við vegi F336 í Skálpunes, þarf að bæta helstu leiðir en halda sumnum í 'off-road' ástandi.
Línur	Ljotar, skerða upplifun að einhverju leiti.	Einhverstaðar verða þær að vera	má gagnýna línumnar en linuvegurnum er mikilvægar	Skerða upplifun að einhverju leiti.	Sjónmengun
Árægja ferðamanna	Mikil	mikil	Mikil	mikil	Mikil
Ventingar ferðamanna	Að sjá náttúruna, auðvelt að uppfylla. Að fá virði þess sem það borgar, oftast uppfyllt.	Að komast allar sínar leiðir óhindað á fólkssbil.	Að komast að jöklum og nyta svæðið til útvistar.	Að njóta náttúru og kyrðrar á svæðinu, uppfylla Skálar á svæðinu uppfylla þórf fyrir áhingastað. Önnur þjónusta skammt frá við Gullfoss og Geysi.	Að upplifa ospillta náttúru en einnig að komast sinnar leiðar á eigin bil.
Fjöldi ferðamanna	máttulegur	Máttulegur, bara jákvætt	Mikill, en jákvætt	Máttulegur	
Ádráttarafl og ástæður fyrir vinsaldum svæðisins	Stutt í náttúruna, kyrðin, jökullinn, síbreytileg náttúran, góð þjónusta	Stutt í háleindíð, jökullinn, Gullfoss, Geysir, Kjöltur, Jarlhettur	Útvistarsvæðið sunnan Langjökuls og Hagavatns. Blönduð ferðamennska. Margir skálar á svæðinu.	Óbyggðapogn, stórhrikalegt landslag, sandar, grjót og steinar, brak íjöklinum, ár, vöð og vötum, örður breytingar í náttúru. Veðrið er oftast light barna og falleg ljófll að ganga	Ágætt eins og er
Áðgengi fyrir ferðamenn	Í lagi, en þarf meiri öryggi	Ágætt eins og er	Ágætt eins og er	Ágætt eins og er	Ágætt
Áðgengi fyrir heimamein og ferðahjónustu-aðila	Í lagi	Mætti bæta	Ágætt eins og er	Ágætt eins og er	Ekki nögu gott
Stada ferðahjónustu almennt á svæðinu	Gið	Mjög góð	Mjög góð	Gið	Gið

	Útvist	Addís	Arctic Rafting	Íshestar	Ferðaklúbburinn 4x4
Hverning gestir	Méldimur í ferðafélaginu	Mestmegnis erlendir	Blandað	Blandað eftir ferðum, meirihluti erlendir ferðamenn	méldimur
Upplysingar sem ferðamenn spyrja um					Vill komast í snertingu við jöklka.
Hvaða tímabil	Ferðir í gangi allt árið, þó mest að sumri.	Ferðir í gangi allt árið.	Ferðir í gangi allt árið.	Mestmegnis á sumrin.	Allt árið
Mikilvægi áhrifasvæðis Hagavatns	Nokkuð mikilnáttúru til fjölbreyttra ferða,	Pekkir vel Leiðin uppað Hagavatni notuð mjög mikil.	Ekkí sérstaklega fyrir starfsemi en er aðdráttarafi fyrir svæðið í heild.	Starfsstöð tiltíuluðega náægt, ferð yfir Kjöl tiltíuluðega náægt. Útsýni mikilvægt.	Nokkuð mikil. Ekkí eins gott aðgengi að samþærilegum svæðum vestan Langjökuls.
Sandflok		Þekkir vel til vandamál		Vandanáll	
Vegir		Giðir fyrir þá notkun sem er í dag.	Allir bilar eiga ekki að komast inná hálandið, en metti bæta vegi á vissum stöðum.	Aðgætur sem til staðar eru.	Aðgætur eins og þeir eru.
Línur		EKKI trufun, nýjota góðas af linuvegi!		Trufun	Trufun
Áhætja ferðamanna	Mikil	Að sjá fjölbreyta landmótunina.	Að sjá fossa og jöklak.	Mikil	
Ventingar ferðamanna		jökulinn		Að upplifua viðáttuna og gött útsýni.	að komast í snertingu við skrifjöklka og jöklullón í stuttri fjarlægð frá Rvk.
Fjöldi ferðamanna		EKKI of mikill	Alið ekki of mikill	Næstum of mikil umferð á syðri hluta Kjalvegar.	
Aðráttaraffi og ástæður fyrir vinseldum sveðisins	í hefillegrí hanaðeg frá Rvk. Sifeldar breytingar í umhverfinu vegna jökulsins.	Nálegð við Rvk., aðgengi gott, veðurfar gott, virkni í nætturrumi, sérstaklega jakar sem renna úr Hagavatni með Farinu.	Gullfoss, Geysir, Skálpanes, Hagavattn	A Kili er góð Fjallasýn, viðáttan, mikil saga um ferðir forfœðra á milli landhluta. Leitðin yfir Kjöl litur spennandi út á konti.	þarna er hyað styðst frá Rvk að komast að jöklki og hægt að komast á fölkbsil.
Aðgengi fyrir ferðamenn		Hluti af aðráttarafflinu að hafa fyrir því að komast á staðinn.	Gott	Gott	Gott
Aðgengi fyrir heimamenn og ferðahjónustu-áðila		Ahugi fyrir samstarfi við heimamenn með merkingar.	Gott	Gott	Gott
Stada ferðahjónustu/aðstæður til útvistar almennt á svæðinu	Göðar	Göðar		Staðan er mjög sterk, flestir ferðamenn sem koma til landsins ferðast um þetta svæði.	Göð

VIÐAUKI IV

**FRAMTÍÐARSÝN OG VÆNTINGAR VIÐMÆLENDÁ TIL
SVÆÐISINS**

Framtíðarsýn og væntingar viðmælenda til svæðisins

		Úthlöð	Eisti-Dalur	Gullfoss
Framtíðaráhorf með frankvæmd	Sandfok / stækkun lóns	Sandfok heft með stækkun lóns, jákvæð áhrif	þarf að stöðva jarðvegseyðingu, stækkun lóns er því mjög jákvæð, það er ekki sjónmengun af vatni	Jákvætt að hefta sandfok með stækkun lóns. Ekki verið að búta til þar sem lónið var staðra áður.
Vegir	Vegagerð bætist, mjög jákvæð áhrif	Vegagerð bætist, vegur uppað Hagavatni og Kjalvegur, jákvæð áhrif	Vegagerð bætist, vegar yfir Kjöl, frannkvæmd opnar fyrir möguleika um betri sangöngur	Bætir vegir væru góð áhrif fyrir ferðapjónustu, líklegra með virkjum
Línur	Sjónmengun	Koma ekki til með að sjást, ekki vandamál		Ekki mikil áhrif par sem líner eru fyrir
Mannvirki		Mannvirki verða líklega þannig að ekki verði sjónmengun	Mannvirki laða að, hluti af þróun og betir aðengi.	Gæti orðið aðráttarafl til lengri tíma er lítt en stíflustæði er samt mikil sjónmengun á Hagavatnssvæðinu.
Frankkvæmdar-tími Aðengi	Verður bætt	Verður bætt	Verður bætt með vegagerð og mannvirkjum	Róskun Líklega bætt og öryggi betur tryggt
Önnur áhrif framkvæmdar á umhverfi	Betri möguleiki á að dreyna ferðamönnum, minnka ágang Minni mengun og sjónmengun af malbikuðum vegum.	Betri möguleiki á að dreyna ferðamönnum, minnka ágang. Minni mengun og sjónmengun af malbikuðum vegum.	Svæðið verður nýtt til ferðamennsku með meira öryggi	Áhrif flóða og vaxtar í lóninu
Fjöldi ferðamanna Véntingar ferðamanna	Vex meira en ella Betur mætt neð bílfærri aðengi	Heldur áfram að vaxa Betur mætt með bílfærri aðengi	Vex meira en ella Betur mætt með betri vegum og mannvirkjum	Heldur áfram að vaxa Frekar tryggt að séu uppfyllt
Áægja ferðamanna Mikilvægi aðráttarafl áhrifsvæðisins	Meiri Meira með bættu aðengi	Meiri með bættu aðengi	Meiri mun meira, svæðið er nánast ónytt eins og er	Sviptuð og hefur verið heldur áfram að hafa mikil aðráttarafl sem leið að Langjökli
Breytingar á starfsemi Sandfok / starð lóns (núllkostur)	Betri aðstæður til fjárfestinga, vegagerðar og bygginga Sandfok heldur áfram að vera mikil vandamál	Cóðar samgöngur forsenda þess að stækka Sandfok heldur áfram að vera mikil vandamál	EKKI ÁKVEÐIÐ, ekki stækkun næstu 2-3 árin Sandfok heldur áfram að vera mikil vandamál	Hefur ekki áhrif á aðsókn að Gullfoss. Stakkkun á teikniborðinu EKKI vandamál
Vegir	Hægfarið þróun, líklega óbreytt	Líklega óbreytt þróun	Líklega óbreytt þróun, vandamál	Líklega óbreytt þróun, Kjalvegur og vegur að Skálpanesi verði þó líklega lagðar
Línur	Áfram sjónmengun af þeim sem eru til staðar		EKKI vandamál	
Aðengi Áægja ferðamanna	Hægfarið þróun, líklega óbreytt EKKI eins mikil með sandstormum og óbreytu aðengi	Líklega óbreytt þróun Óbreytt	Líklega óbreytt þróun, vandamál Óbreytt	Líklega óbreytt þróun Óbreytt
Véntingar ferðamanna	EKKI mætt að fullu með óbreytu aðengi	EKKI mætt að fullu með óbreytu aðengi	EKKI mætt að fullu með óbreytu aðengi	Frekar tryggt að séu uppfylltar
Fjöldi ferðamanna	Heldur áfram að vaxa		Heldur áfram að vaxa	Heldur áfram að vaxa

	Breytingar á starfsemi	Vegagerð verður efld, en byggingar ekki eins fýrsilgar vegna sandflokks	Góðar samgöngur (sbr. ef virkjun) forsenda þess að stækka	EKKI ÁKVEÐIÐ, ekki stækkun næstu 2-3 árin	Stækkun á teikniborðnu
Mikilvægi/ aðdráttarafli áhrifasvæðisins	Óbreytt fyrir þá sem það nýta	Óbreytt fyrir þá sem það nýta	Óbreytt fyrir þá sem það nýta	Óbreytt fyrir þá sem það nýta	heldur áfram að hafa mikil aðdráttarafli sem leið að Langjöklum

Kjarnholt	Kjóastadír/ATV tours	Geysir Center	Miðalur
Sandfok / stækkun lóns	Jákvætt að hefta sandfok með stækkun lóns	EKKI HÆGT að segja að það megi ekki breyta vettinu því það er sjálfst alltaf að breyta sér. Hlynnt stækkun til að hefta sandfok.	Sandfok vandamál en upplistöðulón ekki trygg lausn á því.
Vegir	Bættir með framkvæmdum, jákvætt	Bætt til muna	Verða líklega bætt með framkvæmd, mikilvægt fyrir Kjáveg
Línur		Heldur áfram að trufla, mikilvægt að sett verði í jörð Ef það er búið að setja stöðvarhús, má ég þá keyra þar áfram?	Einhverstaðar verða þær að vera. Neikvætt fyrir áhrifasvæðið
Mannvirki	Svæðið sunnan Langjökuls inverfur ekki fyrir því	Efnahagslega hljóðum af því er sterkt fyrir ferðahjónustu. EKKI neikvætt fyrir ferðir.	Fremur neikvætt nema þau verði að mestu falin.
Framkvændar-tími	Meiri atvinnusköpun í ferðahjónustumi, allt fólk sem fylgir framkvæmd	Rask	Sjálfssagt að fari tímí í það, hefur ekki áhrif til framþúðar.
Aðgengi	Stórlega bætt	Bætt	Bætt, jákvætt
Önnur áhrif framkvæmdar á umhverfi	Allar virkjanir hafa leitt af sér jákvæða hluti fyrir ferðahjónustu!	Mjög neikvætt að stilla fossinni	Ahrif á Farið og Sandvatnið? Sjömræn áhrif væru mjög neikvæð en ásættanlegt ef verður gert vel.
Fjöldi ferðamanna	Minnkar ekki	Meiri vöxtur en ella	Aukning, neiri fjölbreytni ferðamanna
Væntingar ferðamanna	Betur mætt með lagningu vegar að stórum sem áður var ekki lagt að nálgast	Betur mætt	Væntingum fleiri hópa mætt.
Áneigja ferðamanna	Líklega meiri en ella	Óbreytt	Líklega óbreytt
Mikilvægi/ aðdráttarafli áhrifasvæðisins	Minnkar ekki	Það bæst bara við notendahópar, hinir hætt ekki að koma þá aðrir hafi aðgengi sem ekki var áður.	Neikvæð áhrif, Jarlhettunar er mjög verðmætt svæði. Hugmyndir um útsýniskáf á Bjarnatell, framkvænd myndi skemma það.
Breytingar á starfsemi		Snyður stakk eftir vesti, sýnir önnur svæði í staðinn eða sýnir virkjunina. EKKI neikvæð áhrif að ferðir.	Stækkun á hverju ári og margar teikningar á borðinu
Sandfok / stærð lóns	Verður áfram vandamál		Verður áfram vandamál
Framtíðarárhorf án framkvæmdar			Sandfok áfram vandamál

(núllkostur)				
Vegir	Líklega óbreytt þróun	Líklega óbreytt þróun	Mikill hugur að bæta Kjálfaveg og veg í Skálpanes	Líklega óbreytt þróun
Línur		Halda áfram að trufla upplifun	Einhverstaðar verða þær að vera einhverju leiti	Halda áfram að vera trufun að einhverju leiti
Aðengi	Líklega óbreytt þróun	Líklega óbreytt þróun	Líklega óbreytt þróun	Líklega óbreytt þróun
Áægja ferðamanna	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Væntingar ferðamanna	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Fjöldi ferðamanna	Óbreyttur vöxtur	Óbreyttur vöxtur	Óbreyttur vöxtur, bara eftir að aukast	Óbreyttur vöxtur
Breytingar á starfsemi	nei		Stækkun á hverju ári og margar teikningarár ófordunu	
Mikilvægi/ aðráttaraff áhrifasæðisins	Nýtt sem áður sem skoðunarstóri fyrir ferðamenn	Óbreytt	Óbreytt	Aþreyingarmöguleikan eru að aukast á svæðnum, það verður áfram mikilvægt tilvistarsvæði.

	Ferðafélag Íslands	Aþreyingafélagið	Útvist	Ís ferðahjónusta
Framtíðaráhorf með frankvæmd	Sandfok / stækkun lóns	Höft á sandfök ekki nægilegur ávinningur fyrir stækkun lóns	Stækkun lóns slænt fyrir gonguifolk, ókostur að fylla landið af vatni.	Efæsendir, mun líklega ekki leysa vanda með sandflok, fokið kemur frá óðrum síðum líka.
Vegir		Bættar samgöngur jákvætt	Bættir vegir kostur en ekki sérstaklega bætur Kjálfavegur nauðsynlegt	Jákvætt að gera góðan veg uppáð jölkli en ekki meira en það
Línur			Bæst við sjónmengun af þeim sem fyrir eru.	Parf að leggja m.t.t umhverfis en verður ekki í auverulegt vandamál
Mannvirki	Skemma obyggdartíflinninguna	Ferðamenn eru ekki að leita að mannvirkjum á svæði sem þessu saman	Stórfrankvæmdir og eftrískon eftir óspilitri náttúru fara aldrei saman	Mjög neikvætt, myndi skemma allar náttúruperlur sem eru þarna.
Framkvæmdar-tími	Skemmir óbyggðartíflinninguna, brýtur upp leiðina, áhrif til framboðar	Truflar Kyrrðina, hugsanlega sjónmengun.	Stórfrankvæmdir og eftrískon eftir óspilitri náttúru fara aldrei saman	Neikvæð varanleg áhrif
Aðengi	Bætt aðengi ekki mikilvægt fyrir þá sem nu sakja svæðið	Bætt aðengi tvímæla laust kostur	Bætt aðengi ekki nauðsynlegt á svæðinu, kostur ef merkingar og upplýsingar verði bættar.	Parfnað ekki mikilla bota á aðengingi
Önnur áhrif framkvæmdar á umhverfi	Skemmir þá vinnu sem búið er að leggja í svæðið, skala og gongubrýr, auk tengingar gönguleiða neð Hagavatnsskála			Efæsendir um að stífla getur haldið begar jökkullinn hopar snöggt eða skriður fram. Sækja parf lengra frá höfuðborgarsvæði til að upplifa hálandið
Fjöldi ferðamanna	Göngufolk haftir að koma á áhrifasvæðið sem gerir það í dag.	Óbreyttur vöxtur	Líklega fækkun á svæðinu	Fækkar, þó virkjanir hafi oft þau áhrif að fjölgu ferðamönnum þá á það ekki við við Hagavatn
Væntingar ferðamanna	Væntingum leirra sem nú sekja svæðið ekki betur mætt.	Betur mætt með bætti vegagerð en gönguhópa jafnvel minna mætt.	Að sjá óspilitla náttúru og landmótnum, ekki betur mætt	EKKI mætt, enginn tilgangur að koma þangað nema til að skoða mannvirkini

	Ánægja ferðamanna	Mun minni hjá þeim sem nū sækja svæðið.	Líklega meiri	Líklega minni	Líklega minni
	Mikilvægi/ aðráttarafl áhrifasvæðisins	Mun minna fyrir gónguþólk. Engin samleið með virkjum. Líklega meiri umferð annarra höpa.	Erfitt að segja, minna fyrir gónguþólk en e.t.v. meira fyrir aðra höpa.	Minna fyrir gónguþólk	Minnkar gífurlega án þeirra perla sem nū er aðráttaraflð
	Breytingar á starfsemi	Hætta með ferðirnar umhverfis Hagavatn	Engar raskanir á þeirra starfsemi. Stækkun á grunnaðstöðu á svæðinu í Skálpanesi	EKKI hægt að skipuleggja ferðir á Jarlhettur	Mun hætta að fara með ferðir þangað
Framtíðaráhorf án frankvæmdar (núllkostur)	Sandfok/ starð lóns	EKKI vandanál			Heldur áfram að vera vandamál
Vegir	Líklega óbreytt þróun	Líklega óbreytt þróun, halda áfram að leggja meiri vinnu og kostnað í vegagerð síalíf.	Að hafa fyrir því að komast á staðinn er hluti af aðráttaraflinu – gott með óbreyttu þróun	Igætis standi nú og með óbreyttir þróun	
Línur	Gott fyrir þá sem nū sækja svæðið	Afram sjónmengun	Að hafa fyrir því að komast á staðinn er hluti af aðráttaraflinu – gott með óbreyttu þróun	Trufla ekki	
Aðgengi	Mun meiri en áður hjá þeim sem nū sækja svæðið.	Líklega óbreytt þróun	Að hafa fyrir því að komast á staðinn er hluti af aðráttaraflinu – gott með óbreyttu þróun	Gott fyrir há sem nú sækja svæðið og nýta það til ferðahjónustu	
Ánægja ferðamanna	Væntingum þeirra sem nū sækja svæðið betur mætt.	Óbreytt	Afram óbreytt	Óbreytt, jafnvél meiri en áður	
Væntingar ferðamanna	Eykst	Bara auknning	Mætt, að nýjota náttúru og landmóunar	Mætt, að nýjota náttúruperlanna áhrifasvæðinu með nýverandi aðgengi	
Fjöldi ferðamanna	Nýjar leiðir þaðast við á svæðinu.	Stækkun á grunnaðstöðu á svæðinu í Skálpanesi	Líklega auknning	Eykst	
Breytingar á starfsemi	Neijar leiðir yfir Kjöl aftur að verða vinsel	Óbreytt	Swipað úrvæl en hugmyndir um lengri ferðir þar sem skálar FÍ á svæðinu myndu vera nýttir	Bara auknning, áhrifasvæðið verður nýtt meira	
Mikilvægi/ aðráttarafl áhrifasvæðisins		Meira		Besta aðstaða til að komast inná Hálendi fyrir ferðamenn, fjölbreytt aðráttarafl sem enn er ekki nýtt að fullu	

Framtíðaráhorf með frankvæmd	Sandfok/ stækkun lóns	Arctic Rafting	Íshestar	Ferðaklúbburinn 4x4
Vegir	Líklega bættir að virkjun, en hver nemur að skoða stíflu?	Betri vegagerð jákvæð, en þó ekki serstakir hagsmunir okkar á þessu svæði.	Jákvætt að stakka lón til að hefta sandfok	EKKI jákvætt að byggja nýja vegi á hálandinu
Línur			Trufla ekki verulega ef reynt er að sameina eins og hægt er	Mjög neikvætt
Mannvirki	Neikvætt		Trufla ekki	Mjög neikvætt
Framkvæmdar-tími	Neikvæð áhrif		Mundi hafa mest áhrif á starfseminu, umrót og meiri umferð	Mjög neikvætt

	Aðgengi	Mun betra, en aðeins að virkjun	Líklega bætt en ekki hagsmunir okkar	Ekkí bætt því aðráttarafl er horfið
	Önnur áhrif framkvæmdar á umhverfi		Ahrif á sandvatnið og sandána?	Sækja þarf lengra frá höfuðborgarsvæðinu til að upplifa halendið
	Fjöldi ferðamanna	Fækkar giftulega á alnifasvæðinu		Mun minni á alnifasvæðinu
	Væntingar ferðamanna	EKKI maett		Til sveðisins ekki maett
	Anægja ferðamanna	EKKI meiri		Minni en ella
	Mikilvægi aðráttarafl áhrifasvæðisins	Svæðið yrði vætanlega dautt	Óbreytt, nema væri fyrir lítil sílonræn áhrif og meini umferð bila á reiðleid	Svæðið er ónytt
	Breytingar á starfsemi	Aform um að stækka og breyta, engin bein áhrif á starfsemi	Engin áform um að færa út kvíarnar á þessu svæði. Engin áhrif á starfsemi	Svæðið ónytt, verður ekki farið eins mikil þangað af félagsmönnum
Framtíðaráhorf án framkvæmdar (núllkostur)	Sandfok / stærð í Óns		Afram vandamál	
	Vegir	Parf að bæta en líklega óbreytt þróun	Óbreytt þróun	Óbreytt þróun, jákvætt
	Línur	Parf að bæta en líklega óbreytt þróun	Trufla áfram, en ekki verulega	Óbreytt þróun, jákvætt
	Aðgengi	Parf að bæta en líklega óbreytt þróun	Óbreytt þróun	Óbreytt þróun, jákvætt
	Anægja ferðamanna	Óbreytt		Óbreytt
	Væntingar ferðamanna	Mætt með óbreyttum haetti		Mætt með óbreyttum haetti
	Fjöldi ferðamanna	Heldur áfram að aukast		Óbreytt þróun, jákvætt
	Breytingar á starfsemi	Aform um að stækka og breyta kvíarnar á þessu svæði	Engin áform um að færa út kvíarnar á þessu svæði	
	Mikilvægi aðráttarafl áhrifasvæðisins	Afram mikil aðráttarafl	Óbreytt	Óbreytt



FERÐAMÁLASETUR
ÍSLANDS

MARS 2008